



## Borgarráð

### ***Vogabyggð.***

### ***Samþættur leik- og grunnskóli með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar ásamt nýrri göngu- og hjólabrú.***

Lagt er til að borgarráð veiti umhverfis- og skipulagssviði heimild til að efna til opinnar hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar ásamt nýrri göngu- og hjólabrú í Vogabyggð, skv. meðfylgjandi drögum að forsögn.

Samkeppnin yrði haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Gert er ráð fyrir að samkeppnin verði tveggja þrepa. Skipuð verður dómnefnd sem semur samkeppnislýsingu, annast yfirferð tillagna og skilar niðurstöðum sínum til Reykjavíkurborgar.

Áætlað er að niðurstaða samkeppninnar geti legið fyrir í byrjun árs 2022.

### Greinargerð:

Í Vogabyggð er nú að rísa íbúðabyggð fyrir allt að 1200-1500 íbúðir. Bygging á nýjum samþættum leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar er hluti af uppbyggingu Vogabyggðar. Gert er ráð fyrir áfangaskiptingu byggingarinnar eftir því sem að íbúum í Vogabyggð fjölgar.

Nýr skóli verður staðsettur á Fleyvangi (Vogabyggð 5). Ný göngu- og hjólabrú yfir Ketilbjarnarsíki mun tengja börn og aðra íbúa Vogabyggðar við nýja byggingu, útivistarsvæðið á Fleyvangi og aðra borgarhluta. Brúin verður helsta samgönguleiðin og jafnframt nýtt kennileiti í borgarlandslaginu.

Staðsetningin á nýjum mannvirkjum er einstakt í borginni með sjávarströnd til beggja hliða, nálægð við smábátahöfnina, Elliðaárnar og útivistarsvæði Elliðaárósa og Elliðaárdals. Í gildi er deiliskipulag, Vogabyggð svæði 5, samþykkt í borgarráði 10. janúar 2019. Hugsanlegar breytingar á deiliskipulagi munu taka mið af niðurstöðu samkeppninnar.

Byggingarnar verða umhverfisvottaðar og í samræmi við áherslur Græna plansins.

Gert er ráð fyrir því að ný samþætt bygging fyrir leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar verði byggð í þremur áföngum. Heildarfjöldi nemenda á leik- og grunnskólastigi er nú áætlaður allt að 600 nemendur. Áhersla er lögð á sveigjanleika byggingarinnar þ.a. möguleiki verði á frekari stækkun skólans m.t.t. hugmynda um frekari uppbyggingu íbúða á svæðinu.

Í byggingunni verður íþróttasalur fyrir nemendur skólans. Áætluð heildarstærð byggingarinnar er um 7.200 m<sup>2</sup>.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

- Samþættur leik- og grunnskóli í Vogabyggð. Drög að forsögn. Maí 2021.
- Göngu- og hjólabrú í Vogabyggð. Drög að forsögn. Maí 2021.
- Vogabyggð 5 (Fleyvangur), skýringarmynd deiliskipulags
- Deiliskipulag, heildarsvæði Vogabyggðar

**Sambættur leik- og grunnskóli,  
frístundaheimili og félagsmiðstöð  
í Vogabyggð**

Forsögn



**Reykjavíkurborg**

Umhverfis- og skipulagssvið

Skóla- og frístundasvið

Maí 2021

## EFNISYFIRLIT

---

Látum draumana rætast – Menntastefna Reykjavíkurborgar	4
1 Inngangur	8
1.1 Vogabyggð	8
1.2 Nemendafjöldi- áfangaskipting	9
1.3 Markmið	10
1.4 Deiliskipulag	11
1.5 Fráveita	11
1.6 Græna Planið	11
1.7 Vistvæn hönnun	13
1.8 Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM	13
2 Samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð	14
2.1 Börn 1-9 ára	14
2.2 Börn-unglingar 10-15 ára	15
2.3 Grunnildir nýrrar byggingar og útisvæða	15
2.3.1 Fjölbreytni í rýmisupplifun og sveigjanleiki í starfi	17
2.3.2 Heima - heimilislegt umhverfi	17
2.3.3 Dagsbirta	17
2.3.4 Úti og innirými	17
2.3.5 Arkitektúr og menntun/stefna	17
2.3.6 Fjölbreytileiki og samræður	18
2.3.7 Hin næma bygging	18
3 Rými í skóla – og frístundastarfi	19
3.1 almennt	19
3.1.1 Heimasvæði óformlegs og formlegs náms (12 mánaða til 9 ára)	19
3.1.2 Hóprými – hvíldarrými - stuðningsrými	21
3.1.3 Geymslur - innréttingar	21
3.1.4 Sameiginleg rými við heimasvæði	21
3.1.5 Starf frístundaheimilis	22
3.1.6 Undirbúningsrými starfsfólks	22
3.1.7 Aðstaða ráðgjafa	22
3.1.8 Heimasvæði miðstigs	23
3.1.9 Heimasvæði fyrir unglíngastig	23

3.1.10	Starf félagsmiðstöðvar	23
3.2	Sérgreinasvæði	24
3.2.1	Smiðja fyrir 1 - 9 ára	24
3.2.2	List- og verkgreinar	25
	Svæði list- og verkgreina	26
3.2.3	Sjónlistir - myndmennt	26
3.2.4	Verkgreinar	27
	Heimilisfræði	27
3.2.5	Hönnun og smíði	28
3.2.6	Textílmennt	29
3.2.7	Snillismiðja	29
3.2.8	Náttúrugreinar	29
3.2.9	Tónmennt	30
3.2.10	Sviðslistir	31
3.2.11	Dans	31
3.2.12	Leiklist	31
3.2.13	Upplýsingaver	32
3.3	Skólaípróttir	32
3.3.1	Íþróttasalur	32
3.3.2	Hreyfirými	32
3.3.3	Búningaaðstaða, sturtuklefar og snyrtingar	32
3.3.4	Áhaldageymsla	33
3.4	Sameiginleg svæði	33
3.4.1	Anddyri - inngangar	33
3.4.2	Fatahólf og þurrkaðstaða við innganga	33
3.4.3	Umferðarými (gangar og stigar)	33
3.4.4	Fjölnotalur / matsalur	34
3.4.5	Matsalur	34
1.1.1	Salerni - snyrtingar	35
3.5	Sameiginleg stjórnunar- og starfsmannarými	36
3.5.1	Móttaka	36
3.5.2	Stjórnunarskrifstofur	36
3.5.3	Fundar- og viðtalsrými	36
3.5.4	Skólaheilsugæsla	36

3.5.5	Kaffistofa - hvíldarrými	36
3.5.6	Gagnasmiðja	37
3.5.7	Fatahengi starfsfólks	37
3.5.8	Snyrtingar - búningsaðstaða starfsfólks	37
3.5.9	Þjónusturými – tæknirými	37
4	Ióð	38
4.1.1	Svæðaskipting útisvæða	38
4.1.2	Svæði fyrir leiktæki og leikvelli	39
4.2	Umhverfið	39
4.2.1	Vogurinn, höfnin og áin	39
4.2.2	Öryggi – mörk og aðgengi	40
4.2.3	Náttúruupplifun	40
4.2.4	Útikennslusvæði	40
4.2.5	Náttúrugreinar	41
4.2.6	Heimilisfræði	42
4.2.7	Verkgreinar	42
4.2.8	Íþróttir/hreyfing	42
4.2.9	Útikennslustofa fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla	42
4.3	Kröfur til skipulagningu útisvæða	43
4.3.1	Sorpgeymsla	43
4.4	Færanlegar kennslustofur - byggingarreitur	43

## LÁTUM DRAUMANA RÆTAST – MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Í framtíðarsýn menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Menntun er mikilvægur hluti af lífshlaupi allra og skóla- og frístundastarf er sífellt að verða ríkari hluti af daglegu lífi barna og unglunga. Framtíðin er hins vegar óráðin, við vitum ekki hvaða tækni, hvaða þekking eða hvaða atvinnugreinar verða ríkjandi árið 2030. Þá vitum við ekki hvernig samfélagslegt umhverfi verður. Við vitum þó að einstaklingar þurfa að búa yfir leikninni til að menntast, bæði formlega og óformlega, ævina á enda.

Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Menntastefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð, en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verði að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi, náttúru og heiminum öllum. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örurum breytingum.

Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsfólks.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARF TIL FRAMTÍÐAR

Skóla og frístundasvið hefur sett fimm grundvallarpætti viðmið skóla- og frístundastarf til ársins 2030  
Félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

### FÉLAGSFÆRNI

#### Úr menntastefnu:

*Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.*

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Til að þjálfa og byggja undir félagsfærni í skóla- og frístundastarfi er mikilvægt að húsnaði styðji við það. Það felur m.a. í sér að

- hafa rými fyrir menningarviðburði og samveru hópa
- hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að setjast saman í námi, starfi, samveru og leik
- hafa rými fyrir teymisvinnu
- hafa útsvæði, þar sem hægt er að spjalla og styður við samveru og leik
- hanna rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna.

### Sjálfsefning

*Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsgátt og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.*

Unnið er að því að börn sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Það felur m.a. í sér að

- hafa rými sem stuðla að öryggiskennd og vellíðan fyrir alla
- leggja áherslu á stigvaxandi þroska og stærð barna þegar kemur að hönnun
- hafa rými, umhverfi og tæki sem ýta undir sjálfshjálp, sjálfstæð vinnubrögð og þrautseigju
- önnur aðstaða og rými sem getið er undir þáttunum heilbrigði og félagsfærni
- hafa rými fyrir hlutverkaleiki með ólíkum efnivið



- rými sem bjóða upp á fjölbreytni í vinnubrögðum, úrvinnslu og birtingu verkefna
- lóð/útsisvæði með fjölbreytt tækifæri til að takast á við líkamlegar áskoranir.

## LÆSI

Með læsi er átt við þekkingu og skilning á samfélagi og umhverfi.

### Úr menntastefnu:

*Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.*

Í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar er áhersla lög á að styðja börn við að afla sér þekkingar og auka skilning á samfélagi og umhverfi.

Það gerum við m.a. með því að

- hafa gott aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og lesefni, bæði stafrænu og á pappír
- að auðvelt sé að sýna fjölbreyttar afurðir úr vinnunni á veggjum skólans, með sýningum eða í gegnum miðla
- hafa notaleg rými til að setjast niður með bók eða taka þátt í sögustund
- skapa góða aðstöðu til að tileinka sér vísindalega hæfni, náttúru-, miðla og tæknilæsi
- skapa umhverfi sem hvetur til þátttöku og náms
- bjóða upp á umhverfi sem hvetur til uppgötvunar og áframhaldandi þekkingarleitar
- lóð/útsisvæði - bjóði upp á upplifun og vísindalegar athuganir á náttúrunni og lögmálum hennar.

## SKÖPUN

*Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálf, næsta umhverfi og/eða samfélagið.*

Menntastefnan myndar umgjörð um menntun sem byggir á farsælu skóla- og frístundastarfi í borginni en tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Sköpun og skapandi hugsun þjálfast á fjölbreyttan hátt, bæði innan dýra og utan, í samvinnu við aðra eða við með okkur sjálfum. Húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf og staðsetning þess þarf að skapa þessa möguleika.

Það gerum við með því að

- hafa rými fyrir þjálfun í leikrænni tjáningu, framkomu, listflutning einstaklinga og hópa
- hafa möguleika til að útbúa leiksvið með einföldum hætti
- hafa viðeigandi aðstöðu og rými fyrir fjölbreytt list- og verknám
- hafa nægt pláss til að geyma efnivið sem nýtist fyrir skapandi vinnu

- hafa svæði/lóð utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold
- hafa aðstöðu til að taka á móti listafólki sem miðlar og á samtal við börn
- hafa aðstöðu þar sem börn geta notið sín í frjálsum leik, klæðst búningum, eða búið til skúlptúra
- hafa snillismiðjur (makerspace, fablab) og aðstöðu til nýta tæknina til að læra, þróa, skapa og miðla
- að í húsnæðinu sé hægt sé að fara í gegnum öll stig nýsköpunar, frá því að hugmynd kviknar þar til hægt er að koma henni í framkvæmd
- hafa fjölnýtanleg einstaklingsrými sem nýtast í tónlistarsköpun, tónmennt o.fl.

### Heilbrigði

*Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.*

Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri.

Stefnt er að því að bygging hafi eftirfarandi:

- sameiginleg rými þar sem börn geta þjálfað fín- og grófhreyfingar s.s. stíkl, klifur, skrið, jafnvægi og fleira
- góðar tengingar úti og innsvæða þar sem það á við
- rými úti og/eða inni til möguleika á ræktun og grænum svæðum
- rými þar sem börn geta matast í notalegri aðstöðu og bjargað sér sjálf
- rými sem bjóða upp á mismunandi aðstöðu fyrir nám og leik (sitjandi, standandi, liggjandi, í minni og stærri hópum eða ein)
- rými og aðstöðu fyrir ígrundun, einbeitingu og rólegheit og önnur fyrir athafnamiðað nám og leik
- útisvæði/lóð sem býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir einstaklinga, minni og stærri hópa jafnt í námi, starfi og leik.

# 1 INNGANGUR

---

## 1.1 VOGABYGGÐ

Í Vogabyggð er að rísa íbúðabyggð með þjónustu – og athafnasvæði. Í gildandi deiliskipulagi eru samþykktarum 1200 íbúðir. Áætlað er að fjöldi íbúða innan svæðisins geti orðið um 1500 íbúðir á næstu árum. Breytingar á samþykktu aðalskipulagi gerir ráð fyrir fjölgun íbúða í allt að 1900 íbúðir. Samþættur leik- og grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð fyrir börn og nemendur í Vogabyggð og nærliggjandi svæðum mun rísa á næstu árum á Fleyvangi. Gert er ráð fyrir áfangaskiptingu byggingarinnar eftir því sem að íbúðum og íbúum fjölgar. Með breyttum samgönguleiðum má einnig gera ráð fyrir ákveðnum samlegðaráhrifum við nærliggjandi hverfi. Ný göngu- og hjólabrú yfir Ketilbjarnasíki mun tengja börn og nemendur og aðra íbúa Vogabyggðar við nýja byggingu og útivistarsvæðið á Fleyvangi og aðra borgarhluta. Brúin verður helsta samgönguleiðin og jafnframt nýtt kennileiti í borgarlandslaginu. Staðsetningin á nýju mannvirki er einstakt í borginni með sjávarströnd til beggja hliða, nálægð við smábátahöfnina, ána og útivistarsvæði.

Skipaður var hópur með fulltrúum frá Skóla og frístundasviði og Umhverfis og skipulagssviði til að vinna að forsögn fyrir nýjan samþættan leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð. Einnig var unnin forsögn að nýrri hjóla- og göngubrú með ráðgjöfum m.a. frá Samgöngustjóra Reykjavíkurborgar, Skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Skipulagsfulltrúa. Til grundvallar vinnu hópsins liggur samþykkt deiliskipulag af brúnni. Vinna hópsins var einnig að skoða heildstætt Fleyvang sem almenningsgarð, tengingu við nýja brú og byggingu.

Í starfshópnum voru:

- *Ásdís Olga Sigurðardóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála, SFS*
- *Daníel Benediktsson, verkefnisstjóri, SFS*
- *Helgi Grímsson, sviðstjóri, SFS*
- *Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála, SFS*
- *Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála, SFS*
- *Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri, SFV, formaður forsagnarhópsins til maí 2020.*
- *Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri, SFV, formaður forsagnarhópsins frá september 2020*
- *Starfsmaður: Anna María Benediktsdóttir, verkefnisstjóri, SFV*

Hópurinn fékk til liðs við sig ráðgjafa frá Samgöngustjóra, Skipulagsfulltrúa, Íþróttá- og tólmstundaráði Reykjavíkurborgar, fulltrúum úr starfshóp um Vogabyggð, Snarfara og fleiri aðila, ráðgjafa og hagsmunaaðila. Haldinn var hugarflugsfundur með þátttakendum frá Skóla- og frístundasviði, starfsfólki og notendum.

Forsögn um nýjan samþættan leik- og grunnskóla, nýja göngu- og hjólabrú, keppnislýsing, önnur fylgiskjöl verða grunnur að fyrirhugaðri samkeppnislýsingu. Í gildi er deiliskipulag, Vogabyggð svæði 5, unnið af Teiknistofunni Tröð og Jantspijker Urbanism Architecture Research, samþykkt í borgarráði 10. janúar 2019. Í samkeppninni verður óskað eftir breytingu á samþykktu deiliskipulagi.

## 1.2 NEMENDAFJÖLDI- ÁFANGASKIPTING

Gert er ráð fyrir því að ný samþætt bygging fyrir leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar verði byggð í þremur áföngum. Heildarfjöldi nemenda á leik- og grunnskólastigi er nú áætlaður allt að 600 nemendur. Áhersla er lögð á sveigjanleika byggingarinnar þ.a. möguleiki verði á frekari stækkun skólans m.t.t. hugmynda um frekari uppbyggingu íbúða á svæðinu. Heildarstærð byggingarinnar verður allt að 7.200 m<sup>2</sup>.

Gert er ráð fyrir því að ný samþætt bygging fyrir leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð verði byggð áföngum. Í fyrsta áfanga er ráðgert að byggingin verði fyrir börn frá 1-9 ára aldurs.

Neðangreind svæði eru fyrirhuguð í fyrsta áfanga

- heimasvæði
- sameiginleg svæði með frístundaheimili
- miðlæg smiðja
- matsalur/fjölnotasalur/eldhús
- hreyfirými
- stjórnunar – og starfsmannarými
- stoðrými

Í fyrsta áfanga byggingarinnar mætast menntahefðir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis þar sem börn eru í samþættu námi, starfi og leik árið um kring. Huga skal að því að framkvæmdir við annan áfanga trufli sem minnst daglegt skólastarf.

Neðangreind svæði eru fyrirhuguð í öðrum áfanga

- heimasvæði
- sameiginleg svæði
- sérgreinarými fyrir náttúrugreinar, sjónlistir, tónmennt, verkgreinar
- upplýsingaver
- aðstaða félagsmiðstöðvar
- stoðrými
- íþróttasalur

Í öðrum áfanga byggingarinnar mætast menntahefðir leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar þar sem börn og nemendur eru í samþættu námi, starfi og leik árið um kring.


Neðangreind svæði eru fyrirhuguð í þriðja áfanga.

- heimasvæði
- sameiginleg svæði
- stoðrými

### 1.3 MARKMIÐ

Meginmarkmið samkeppninnar er að koma með tillögu að samþættum leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf í Vogabyggð ásamt nýrri göngu- og hjólabrú

- að leggja áherslu á umhverfisleg og samfélagsleg gæði mannvirkjanna í viðkvæmu umhverfi
- að fá fram vel rökstuddar tillögur að nánari staðsetningu mannvirkja á skilgreindu keppnissvæði í Fleyvangi
- að fá fram áhugaverðar og vandaðar tillögur að uppbyggingu samþætts leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf sem þjónar sem best íbúum Vogabyggðar og koma með tillögur að nýrri hjóla- og göngubrú sem tengir saman byggð í Vogabyggðinni og Fleyvangi
- að mannvirkin falli vel að umhverfi sínu og verði hjarta útvisar og menntunar
- að stuðla að góðu samspili almenningsrýma, bygginga og nærumhverfis
- að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri mannvirkjanna til framtíðar með samlegð og samnýtingu
- að huga vel að kostnaði er varðar viðhaldspörf byggingarhluta með vistvænni nálgun.



## 1.4 DEILISKIPLAG

Í samkeppninni er gert ráð fyrir að útfærsla á deiliskiplagi verði hluti samkeppninnar. Samþykkt gildandi deiliskiplag fellur úr gildi, að öðru leiti en hvað hæð bygginga varðar og helgunarsvæði fráveitulagnar á svæðinu. Óskað er eftir því að þátttakendur komi með heildstæða sýn á svæðið og ráðgert er að tillagan verði lögð til grundvallar deiliskiplagsbreytingu svæðisins.

Óskað er eftir að tillöguhöfundar svari eftirfarandi atriðum:

- komi með heildstæða sýn á uppbyggingu á Fleyvangi
- sýni staðsetningu, hæðafjölda og hæðasetningu mannvirkisins – byggingarreit þar sem hafa skal í huga svigrúm til stækkana og mögulegra bráðabirgðabygginga á lóð í framtíðinni
- skilgreini yfirbragð byggingar m.t.t. efnis- og litavals
- skilgreini svæði og byggingareiti á lóð þar sem koma má fyrir minni kennslusvæðum undir þaki „pavillionar“
- skilgreini áfangaskiptingu menntabyggingarinnar (3. áfangar)
- sýni tengingar við smábátahöfnina
- hugsi fyrir nýtingu og tengingu að aðliggjandi náttúrusvæðum, voginum og ánni
- komi með tillögu að staðsetningu nýrrar göngu- og hjólabrúar, tengingar hennar við menntabygginguna og aðliggjandi svæði. Hugsi að aðkomuleiðum, akandi, gangandi og hjólandi, staðsetningu og fjölda reiðhjólastera og bílastæða. Rýmd akstursleiða skal skilgreind auk staðsetningar bíla- og hjólastæða á svæðinu.
- yfirborð akstursleiða, bílastæða og stíga skal skilgreint m.t.t. til blágrænna ofanvatnslausna
- tillagan skal koma með sýn á gróðurval á svæðinu
- að tillagan taki tillit til þátta svo sem varpstaða fugla við staðsetningu mannvirkja, stíga og áningarstaða.

## 1.5 FRÁVEITA

Taka skal tillit til fráveitu sem er á núverandi samþykktu deiliskiplagi. Ekki er leyfilegt að byggja ofan á fráveituna, eða hrófla við legu hennar.

## 1.6 GRÆNA PLANIÐ

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Framtíðarsýn Græna plansins:

- Lykilvíddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Kolefnishlutlaus borg:

- Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Grænn vöxtur:


- Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna.

Engin skilin eftir:

- Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Deiliskipulagssvæði Vogabyggðar eru:

1. Vogabyggð – svæði 1- Íbúðarbyggð – Deiliskipulag í vinnslu.
2. **Vogabyggð – svæði 2 – Íbúðarbyggð og miðsvæði - Deiliskipulagstillaga.**
3. Vogabyggð – svæði 3 – Íbúðarbyggð og miðsvæði - Deiliskipulag í vinnslu.
4. Vogabyggð – svæði 4 - Miðsvæði.
5. Vogabyggð – svæði 5 – Skóli, hverfisgarður, smábátahöfn.



Deiliskipulagssvæði Vogabyggðar

## 1.7 VISTVÆN HÖNNUN

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fylgja skal samþykktum borgarráðs um umhverfissvottun bygginga og þeim markmiðum sem sett eru fram í græna planinu og grænum skuldabréfaramma Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun og skipulagi, við efnisval, með gerð lífsferilsgreininga.

Heilsa og vellíðan notenda byggingarinnar skal vera leiðarljós í hönnunarferlinu. Mikilvægt er að í undirbúnings og hönnunarferli verði tekið tillit til líftímakostnaðar (þar með talið rekstrar- og viðhaldskostnaðar), ekki einungis stofnkostnaðar.

## 1.8 UPPLÝSINGALÍKAN MANNVIRKJA - BIM

Mikilvægt er að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við undirbúning, hönnun, framkvæmd og rekstur mannvirkis. Til að auka gæði og gegnsæi skal vinna upplýsingalíkan mannvirkja (BIM - building information model) og skal það notað til að hanna og stjórna upplýsingum í hönnunar- og framkvæmdaferli. Endanlegt líkan skal afhent Reykjavíkurborg við lok framkvæmda og mögulegt verði að nota það við rekstur mannvirkis. Gerð verður krafa um að líkanið verði gert í samræmi við byggingarflokkunarkerfi Reykjavíkurborgar og þær skilgreiningar sem borgin setur (t.a.m um Lod – Level of detail) og skal líkan vera hæft til magntöku, kostnaðaráætlana og lífsferilsgreininga.



*Yfirlitsmynd Vogabyggð*



## 2 SAMÞÆTTUR LEIK- OG GRUNNSKÓLI, FRÍSTUNDAHEIMILI OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ

---

### 2.1 BÖRN 1-9 ÁRA

Á liðnum árum hefur orðið sú þróun að sífellt fleiri og yngri börn sækja leikskóla. Á sama tíma velja sífellt fleiri fjölskyldur frístundaheimili fyrir börn sín að loknum skóladegi í 1. – 4. bekk. Löggjafinn hefur brugðist við með því að samræma grunnþætti starfs í leikskóla og grunnskóla í gegnum aðalnámskrá og gert sveitarfélögum að bjóða upp á frístundaheimili sem framfylgja viðmiðum um gæði þar sem frjáls leikur, val og viðfangsefni við hæfi hvers og eins eru í öndvegi.

Mikilvægt er að bregðast við ákalli samfélagsins um aukið samstarf og sveigjanleika um nám, starf og leik barna. Það er því skynsamleg ráðstöfun að horfa til þess að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis sé undir einu þaki, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfelld skóla- og frístundastarf í nánu samstarfi. Slíkt fyrirkomulag krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun bygginga til skipulags og stjórnunar. Þarna mætast þrjár menntahefðir, leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili í einu og sama rýminu. Snemmtækur stuðningur er auðveldari og sérþekking á öllum sviðum blandast þar á einum stað, þekkingin smitast eðlilega á milli en ekki aðeins á formlegum fundum eða heimsóknnum. Þekking og menning renna saman í daglegum leik og starfi og skapar samfellu í námi og starfi.

Í leikskólum þykir sjálfsagt að börn sulli í pollum, búi til moldarkökur, kafi í snjónum, rúlli sér í grasinu og bjóði vindinum byrginn. Með því að viðhalda slíkri útivistarmenningu og aðstöðu til hennar á útisvæði fram til níu ára aldurs skapast gott tækifæri til útivistar, útikennslu, náttúruskoðunar og þjálfunar úthalds og seiglu. Skýr tenging þarf að vera milli byggingar og lóðar sem skapar barnvæna heild. Útisvæði þarf að hafa sem mest náttúrulegt yfirbragð og hið náttúrulega og manngerða þarf að renna vel saman. Skapa þarf skjólsæl svæði með húsinu sjálfu og með náttúrulegum hætti úti á lóðinni, jafnvel undir skyggni.

Útímenntun er eðlilegur hluti skóla- og frístundadagsins allt árið um kring. Útisvæðið á að vera hluti af námsumhverfinu og náminu, en einnig þarf það að opna fyrir félagsleg samskipti, uppgötvun, upplifun og frjálsan leik. Hér má leggja áherslu á áskoranir fyrir börnin í leik þ.e. hreyfing og upplifun, þar sem öryggi er samtímis tryggt.

Þegar horft er til náms- og starfsumhverfis fyrir 1 – 9 ára börn er eðlilegt að miða við að í byggingunni sé hreyfirými – eitt eða fleiri til íþróttaiðkunar þó ekki sé fullbúinn íþróttasalur og listgreinarými/smiðjur fremur en fullbúnað list- og verkgreinastofur. Þannig má ná mun betri nýtingu húsnæðisins sem hentar til fjölbreyttara náms, formlegs sem óformlegs. Boðið eru upp á fjölbreytni í húsbúnaði og börnin geta valið sér aðstöðu eftir dagsforminu. Þá er gert ráð fyrir að í byggingunni sé matsalur þar börnin aðstoðað sig sjálf með stuðningi.

## 2.2 BÖRN-UNGLINGAR 10-15 ÁRA

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir miklum sveigjanleika í námi og að börn eigi ríkulegt val um viðfangsefni, námsaðferðir, námsaðstæður og verkefnaskil. Á sama tíma er lögð áhersla á að börnin hafi góðan aðbúnað til náms á öllum námssviðum grunnskólans og aukast kröfurnar um þetta á mið- og unglíngastigi. Æskilegt er að skóli, félagsmiðstöð, listnám og íþróttaiðkun fléttist saman í eina samfellda heild. Unglingarnir vilja eiga fjölbreytt val um félag og vini, hitta krakka með fjölbreytt áhugamál, geta horfið um stund í fjöldann eða verið stjarna dagsins eftir því hvernig dagsformið er. Mikilvægt er að unglíngarnir njóti stuðnings fagfólks með ólíkan bakgrunn, kennara með sérþekkingu á ólíkum námssviðum, frístundaráðgjafa, námsráðgjafa, íþróttþjálfara, markþjálfara, listamanna og matreiðslumanna sem geta gefið þeim byr undir báða vængi og stuðlað að því að hver og einn unglíngur fái notið styrkleika sinna. Koma þarf til móts við börnin og svo þau geti blómstrað út frá sínu áhugasviði og geti látið drauma sína rætast.

Mikilvægt er að í byggingu fyrir skóla- og frístundastarf fyrir 10-15 ára nemendur sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum sem samnýtist vel starfi félagsmiðstöðva, verk- og listnáms og íþróttaiðkunar. Horfa má til þess að unglíngarnir vilji annað umhverfi til að matast en hefðbundinn matsal, kaffitería gagnast vel í starfi skóla- og frístundastarfs allan daginn t.d. í hópastarfi, í starfi félagsmiðstöðvar.

Gera þarf ráð fyrir að nemendur í 5.–10. bekk hafi góðan aðgang að félagsmiðstöð, listnámi og skapandi starfi, margskonar íþróttaiðkun og/eða í hverfinu. Þá þarf að gera ráð fyrir starfrænu umhverfi í öllu skóla- og frístundastarfi. Utandyra þarf m.a. að vera góð aðstaða til hreyfingar, félagslegra samskipta og íþróttaiðkunar sem hæfir börnum og unglíngum á þessum aldri.

## 2.3 GRUNNGILDI NÝRRAR BYGGINGAR OG ÚTISVÆÐA

Hið daglega líf í byggingunni á að einkennast af gagnkvæmri virðingu í umhverfi sem veitir hlýju og aðhald. Samtal, traust og jafnræði eru grunnildin og börnin eiga að upplifa öryggi. Í gegnum nám og leik öðlast börnin þroska til að sýna ábyrgð og samkennd, þar sem sjálfstæð hugsun og jafnræði eflist.

Mannvirkið á að stuðla að því að börnin eigi góða æsku og veita þeim upplifun af samkennd og fjölbreytileika. Mikilvægt er að umhverfið veiti innihaldsríka umgjörð fyrir upplifun af ýmsu tagi þannig að barnið varðveiti forvitni sína og frumkvæði. Jafnframt er hvatt til þess að nemandinn upplifi næði.

Umhverfið gefur einnig kennurum og starfsfólki tækifæri til að vinna heildstætt, auka fjölbreytni og tengsl hjá barninu. Þegar að börnin eru saman læra þau hvort af öðru og að taka tillit til hvors annars.

Mikilvægt er að styðja við lífsgæði, heilsu og velferð barna í gegnum formlegt og óformlegt nám þannig að þau læri að standa vörð um eigið heilbrigði ævina alla.

Byggingin á að tengjast umhverfinu og samfélaginu þannig að börnin læri á nærumhverfið. Þess vegna er mikilvægt að hluti námsins verði úti á skilgreindum svæðum við bygginguna og þau nýtileg allt árið.



Byggingin og útisvæði skulu mynda heildstætt umhverfi, þar sem flæði ólíkra starfshátta er einfalt, eðlilegt og tengist vel innbyrðis. Um leið á umhverfið að bjóða upp á sín sérkenni og kennileiti þannig að svæðin og rýmin veiti öryggi og skjól, áskoranir og möguleika á margþættri hreyfingu en jafnframt góðar tengingar við notendur. Eftirfarandi er mikilvægt að hafa í huga við hönnun mannvirkisins:

- mjúk mörk á milli leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Þar skiptir því mótun rýma byggingarinnar máli og þeir möguleikar í starfi og námi sem í boði eru
- ólíkar starfs- og kennsluaðferðir fái svigrúm og að lögð sé áhersla á að örva möguleika barna til þroska og náms
- algild hönnun
- litið er á öll svæði barnanna sem samfellt námssvæði
- mikilvægt er að huga sérstaklega að því að þar sem dvalið er í lengri tíma sé dagsbirtan mjög góð
- samhengi og heildræn hugsun í leik og námi barna í gegnum öll aldursstig
- hugmyndaauðgi, sköpun og möguleikar á hreyfingu verði samofin hugmyndafræðilegri nálgun byggingarinnar og umhverfisins
- góð svæði til óformlegs og formlegs náms
- fjölbreytta rýmisupplifun og samnýtingu rýma
- öruggt umhverfi sem veitir um leið áskorun
- góðar tengingar á milli svæða úti og innisvæða
- möguleikum á jafnt skipulögðum leik og „skyndihugmyndum“ þannig að börnin upplifi sveigjanleika og val.
- börn og unglingar fái raunverulega tækifæri á því að hafa áhrif á umhverfið sitt bæði innan veggja skólans og utan hans

### 2.3.1 Fjölbreytni í rýmisupplifun og sveigjanleiki í starfi

Öll rými nýrrar byggingar eru fyrir formlegt og óformlegt nám. Óskað er eftir að fjölbreytni í rýmisupplifunum og möguleika á sveigjanleika í notkun á milli ólíkra svæða. Það þýðir að hægt á að vera að nýta sum svæði eða rými fyrir mismunandi starfsemi

Sveigjanleiki er mikilvægur en því má meðal annars ná með uppbroti þar sem eru rými af ólíkum stærðum og gerðum með mismunandi rýmisupplifun. Fjölbreytni rýma og rýmisupplifun á að mynda ramma utan um starfsemina.

### 2.3.2 Heima - heimilislegt umhverfi

Hugtakið „Heima“ á að vera ráðandi í mótun og afmörkun svæða byggingarinnar. Það er mikilvægt að mótun byggingarinnar hafi skýra uppbyggingu þannig að ólíkir aldurshópar viti hvaða svæði þau tilheyri. Hugtakið „Heima“ er þannig að börnin, nemendur, notendur unglingarnir og starfsfólkið viti hvaða svæði þau tilheyri og hefur sín sérkenni, sín staðareinkenni.

Byggingin hefur heimilislegt yfirbragð og halda vel utan um börn á ólíkum aldri þar sem einstaklingurinn og hópurinn fær notið sín. Börn og unglingar eiga að fá raunverulegt tækifæri til setja sinn svip á umhverfið, þeirra sköpun og ímyndunarafli á að fá að njóta sín. Óskað er eftir því að þátttakendur komi með tillögu að því hvernig þetta má best útfæra.

### 2.3.3 Dagsbirta

Áhersla verður á dagsbirtuskilyrði og áhrif hennar á notendur. Horft verður til þess á hvern hátt unnið er með dagsbirtuna og hve mikil birta er á heimsvæðunum. Mikilvægt er að í þeim rýmum þar sem notendur eru stærstan hluta dagsins sé góð dagsbirta og birtugæði. Áhersla verður á birtuskilyrði og áhrif hennar á notendur.

### 2.3.4 Úti og innirými

Börn og unglingar eiga að hafa möguleika á því að nota útisvæðin allan daginn á meðan á skólanum stendur og að loknum skóladegi. Hluta útirýmanna á að útfæra þannig að börn og unglingar í nærumhverfinu geti nýtt sér svæðið. Gæta þarf þó að öryggi svæðisins, að gott aðgengi á milli einstakra svæða sé tryggt sem og á milli inni og útisvæða. Mikilvægt er að útisvæðin tryggji fjölbreytta náttúruupplifun. Þau eiga að örva ævintýraþrána og forvitni barnsins. Einstök staðsetning byggingarinnar hvetur til og býður upp fjölbreytta útiveru.

### 2.3.5 Arkitektúr og menntun/stefna

Markmiðið er að skapa umhverfi sem veitir vellíðan og tryggir góðar forsendur til náms. Vellíðan birtist sem gleði, sköpun, áhugasemi, örlæti og myndar jákvæða orku. Fjölbreytt umhverfi og margskonar rými örva skynjun okkar og gefa tækifæri til að þroska okkur. Því er mikilvægt að umhverfið sé ekki of hlutlaust. Rýmisupplifun getur verið margþætt og hefur áhrif á okkar andlegu og líkamlegu líðan. Mikilvægt er að umhverfið hvetji til skapandi hugsunar og athafna, þar sem notendur eru gerendur en ekki einungis þiggiendur. Verið er að móta samfélag þar sem hinn skapandi máttur fær notið sín. Þar sem börn læra að skilja og orða eigin tilfinningar og þjálfun í myndun félagslegra tengsla eru atriði sem eru í forgrunni. Nálægðin við haf, sérstæða mannvirkisins og umhverfið mun skapa sérstöðu og samkennd hjá notendum.



### 2.3.6 Fjölbreytileiki og samræður

Lögð er áhersla á að byggingin og útisvæðin myndi umgjörð um góða og nærandi samveru þvert á skóla- og frístundastarf. Umhverfið skal bjóða börnunum ólíka möguleika, kenna þeim að gæta að sér, sýna ábyrgð og samkennd þar sem yngri og eldri börn umgangast hvort annað af virðingu og væntumþykju. Áherslan er á frumkvæði og lausnarleit er ekki síður mikilvæg í umhverfinu þar sem börn prófa sig áfram, uppgötva og bæta við þekkingu sína.

### 2.3.7 Hin næma bygging

Börn og unglingar munu fara í gegnum ólík svæði byggingarinnar sem skapar upplifun og örvar skynjun. Hönnunin skal vinna sérstaklega vel með hljóðvist, þannig að rýmin úti og inni bjóða upp á fjölbreytilega hljóðvist allt eftir eðli rýmanna. Byggingin á hvetja börn og nemendur til daglegrar örvunar í gegnum birtu, hljóð, lykt, yfirborð, en einnig að skapa tækifæri til að upplifa ró, næði og tækifæri til að einbeita sér að viðfangsefnum sínum.



## 3 RÝMI Í SKÓLA – OG FRÍSTUNDASTARFI

---

### 3.1 ALMENNT

Heimasvæði eru þau svæði innan byggingarinnar sem börn og nemendur dvelja í formlegu og óformlegu námi með sínum hópi og starfsfólki.


Í tengslum við heimasvæði eiga að vera hópaherbergi og hvíldarrými/næðisrými, innréttingar eða geymslur, snyrtingar, fatahengi/fatahólf, vinnurými starfsfólks, ráðgjafa og sameiginleg rými til leiks og náms. Heimasvæði geta verið fyrir allt að 25-50 börn- nemendur (tvenndir), þá sérstaklega í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla. Fyrir allra yngstu börnin væru viðmiðin 15-30 börn. Einnig geta heimasvæði verið fyrir stærri nemendahópa og þá fyrir allt að 100 börn/nemendur, þá sérstaklega á grunnskólaaldri.

Heimsvæðin eru stór hluti byggingarinnar og um leið svæði þar sem mjög fjölbreytt starfsemi fer fram. Þau svæði eiga að hæfa mismunandi starfsemi, ólíkum náms-, starfs- og kennsluaðferðum, samstarfi og samveru. Með því að hafa fjölbreytta nýtingu á heimasvæði skapast aðstæður fyrir börn að velja sér náms- og starfsumhverfi við hæfi. Mikilvægt er að rýmisskipan stuðli að teymisvinnu starfsfólks. Á heimasvæðum geta verið námshópar þar sem unnið er þverfaglega með áherslu á teymiskennslu, einnig geta börn þar unnið ein sér eða saman í minni og stærri hópum.

#### 3.1.1 Heimasvæði óformlegs og formlegs náms (12 mánaða til 9 ára)

Heimasvæðin eru vinnurými barnanna. Aldur barnanna á yngsta stigi verður frá 12 mánaða til 9 ára og því þurfa sameiginlegu svæðin að bjóða upp á sveigjanleika til að koma til móts við ólíkar þarfir á mismunandi þroskaskiði. Í þeim hluta mætast menntahefðir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis þar sem börn eru í samþættu námi, starfi og leik árið um kring.

Teymi kennara og starfsfólks vinnur með hverjum barnahóp sem getur verið skipulagður á ólíka vegu. Hver barnahópur á sitt heimasvæði sem er hjartað í starfinu. Á heimasvæði fer meðal annars fram frjáls leikur og samverustundir. Heimasvæði þurfa að vera falleg, veita umvefjandi umgjörð og hljóðvistin þarf að vera mjög góð. Þar á að vera gott að vinna í ró, setjast niður með bók eða púsl og kúra sig í góðum sófa eða í gluggakistu og hvíla sig á löngum degi. Ákjósanlegt er að hægt sé að a.m.k. þrískipta hverju heimasvæði, í hóprými, til að auðvelda hópaskiptingu.



#### heimasvæði

Hóp- og einstaklingsvinna barna getur einnig farið fram á nærliggjandi sameiginlegum svæðum og rýmum. Æskilegt er að ef heimasvæði bjóði upp á fjölbreytta skiptingu og sé því ekki ferhyrnt opið svæði heldur sé það brotið upp t.d. með hóparýmum og næðisrými.


Mikilvægt er að huga að góðri dagsbirtu og loftgæðum á heimasvæðunum. Þá skal svæðið bjóða upp á að athafnir sem geta kallað á hávaða og skarkala séu utar í rýminu nær samgönguleiðum og sameiginlegum svæðum þannig að meira næði sé innar í rýminu.

Á hverju heimasvæði þarf að tryggja góða yfirsýn starfsfólks. Því skulu rýmiseiningarnar sem saman mynda svæðisheildina vera samhangandi, en þessu má ná t.d. með notkun glerveggja að hluta eða glugga.

Huga þarf að í innréttingu á að vera hægt að geyma námsefni og gögn sem þarf að nýta í starfinu. Stór hluti af innréttingum á að vera færnanlegur til að auka sveigjanleika í rýmum svo hægt sé að mæta ólíkum þörfum og aðstæðum í starfinu til skemmri og lengri tíma og teljast því til innanstokksmuna.

*Mikilvægt er að taka mið af því að heimasvæðin hafi sem fjölbreyttasta nýtingu og innréttingu. Lögð er áhersla á ólíka möguleika til að sitja, standa, leggjast, tylla sér. Hefðbundin raðaskipting borða og stóla er ekki inni í myndinni.*

*Efnisval, skipulagning rýma og innréttingar eiga að vera hvetjandi fyrir notendur og athafnir þeirra. Hæðarsetning rýma, tröppur, skot og krókar gefa ólíka rýmisupplifun og stuðla að fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi.*



## KRAKKAR VELJA SJÁLFIR

### 3.1.2 Hóprými – hvíldarrými - stuðningsrými

Hóprými eru helst notuð þegar nám og starf fer fram í litlum teyllum eða hópum. Hóprýmin geta verið staðsett við heimasvæðin og sameiginleg rými. Möguleiki á að vera að loka einhver þeirra af.

Við heimasvæði er gert ráð fyrir tveimur hóprýmum sem eru m.a. notuð fyrir hvíld og ýmiss konar stuðning við börn. Misjafnt er hversu mikla hvíld leikskólabörn þurfa en allra yngstu börnin hvíla sig oft tvisvar á dag. Hvíldarrými þarf að veita öryggi og hlýju. Þau skulu vera vel loftræst og hafa ljósastýringu. Það þarf því að vera auðvelt að taka saman þann aðbúnað sem notaður er í hvíldinni. Hóprými nýtist einnig fyrir leik barna, málörvun og/eða fyrir stuðning ýmiss konar og sérkennslu. Á hóprýmum skal vera glerveggur eða hurð með gleri til að tryggja gegnsæi.

Í hóprýmum og hvíldarrýmum þurfa að vera innréttingar fyrir dýnur og annað sem fylgir hverju barna svo sem teppi og kotta.



### 3.1.3 Geymslur - innréttingar

Geymslur eða innréttingar skulu vera fyrir efnivið, námsgögn og áhöld. Aðgengilegar og vel skipulagðar gagnageymslur stuðla að fjölbreyttri nýtingu og samnýtingu heimasvæða milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.

### 3.1.4 Sameiginleg rými við heimasvæði

Sameiginleg rými við heimasvæði eiga að stuðla að jákvæðum staðarbrag og vera aðlaðandi og björt. Þau eru hluti af námsvæði og athafnarými barnanna. Þau geta verið íverusvæði í frímínútum og vinnusvæði og því þarf að vera þar bæði aðstæður til hreyfingar, einbeitingar og slökunar s.s. í sófakrókum.

Lögð er áhersla á það að allir gangar, tröppur séu ekki einungis „samgöngurými“ heldur hluti af íveru- og athafnarýmum byggingarinnar. Samgöngurými eiga því að nýtast til hreyfingar,




náms og slökunar. Æskilegt er að flæði og „innra gegnsæi“ sé á milli samgöngurýma og annarra rýma þannig að börnin upplifi sig sem virka þátttakendur í fjölbreyttu námssamfélagi en ekki ein á ferð um þrönga ganga milli aðskildra skólastofa. Mikil áhersla verður lögð á góða hljóðvist og fjölbreytt notagildi þeirra.

### 3.1.5 Starf frístundaheimilis

Starfsemi frístundaheimilis fer fram í samnýttu húsnæði með yngsta stigi grunnskólans þannig er lögð áhersla á að skapa heild um þarfir barnsins fyrir nám, starf og leik. Það verður heildstætt flæði yfir daginn. Hönnun aðstöðunnar á að stuðla að góðri samvinnu og sameiginlegu eignarhaldi á rými og aðstöðu bæði á svæðum barnanna og í starfsmannaaðstöðu.

Frístundaheimili og skóli hafa sameiginlegt anddyri og fatahengi. Sama á við um snyrtingar fyrir börn og starfsfólk.



### 3.1.6 Undirbúningsrými starfsfólks

Kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarf á í fjölbreyttu samstarfi um ólík viðfangsefni. Unnið er í teyrum um nám og starf. Auk þess hefur hver og einn sínum skyldum að gegna, sitt hlutverk og sína ábyrgð gagnvart börnunum, foreldrum, utanaðkomandi sérfræðingum og undirbúningi, skipulagi og frágangi skóla- og frístundastarfs. Starfsfólk þarf því undirbúningsrými sem hentar bæði til hópinnu, funda og einstaklingsvinnu. Undirbúningsrými starfsfólks eiga að vera afmörkuð og gjarnan í tengslum við heimasvæðin og sérgreinasvæðin (sjá síðar). Kennarar og starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimils og félagsmiðstöðvar samnýta undirbúningsrými starfsfólks.

### 3.1.7 Aðstaða ráðgjafa

Gera á ráð fyrir vinnuherbergjum fyrir ráðgjafa (t.d. námsráðgjafi og svo ráðgjafar skólalþjónustu s.s. sálfræðingur, hegðunarráðgjafi, kennsluráðgjafi og talmeinafræðingur). Þessi aðstaða á einnig að geta nýst til þjálfunar og sérkennslu. Mikilvægt að börn og

nemendur upplifi þægilega og góða aðkomu að ráðgjöfum, rýmin eiga að vera björt og aðgengileg.

### **3.1.8 Heimasvæði miðstigs**

Heimasvæði miðstigs er fyrir 10 til 12 ára börn, alls 3 árganga.

Æskilegt er að í rýmum á heimasvæði sé komið til móts við fjölbreyttar námsaðferðir nemenda og aukna einstaklingsmiðun í námi. Á þessu aldurstigi eykst hópvinna nemenda. Heimasvæðin eiga að vera í nánnum tengslum við hvort annað þannig að möguleikar til samnýtingar verði sem mestir.

Á sameiginlegu svæði miðstigs- og unglingsstigs má gera ráð fyrir að nemendur snæði, hvort heldur er nesti eða skólamáltíð, „í kaffiteríu“ og þessi aðstaða nýtist einnig fyrir hóp- og einstaklingsvinnu í skólastarfi og í starfi á vegum félagsmiðstöðvar. Til þess að starf félagsmiðstöðvar verði markvisst þarf að tryggja að heimasvæði miðstigs og unglingsstigs sé staðsett þannig að aðgengi sé greitt og aðgangsstýring með þeim hætti að það henti vel opnun utan dagvinnutíma.

### **3.1.9 Heimasvæði fyrir unglingsstig**

Heimasvæði unglingsstigs er fyrir 13,14,15 ára unglinga.

Námssvæðin eiga að vera í nánnum tengslum við hvert annað þannig að möguleikar til samnýtingar verða sem mestir. Í efstu bekkjum skólans gilda sömu lögmál og á miðstiginu. Heimasvæðin eiga að koma til móts við vinnuaðstöðu nemenda, félagsleg gildi, samveru og námssvæði af ólíkum toga. Það er hér sem að félagsleg samvera, tengingar í einstökum bekkjum eða á milli bekkja verður nánari. Hér þroskar maður og leggur rækt við eigin gildi og skoðanir og fær „gagnrýna“ og hvetjandi nálgun á þær. Hér kynnir maður verkefni sín og fær innblástur af öðrum. Hér verða stöðugar breytingar á náminu og nýsköpun og þróun hugmynda tekur flugið. Hópastærðir nemenda eru mjög ólíkar milli viðfangsefna og tímabila og kennsluhættir mismunandi eftir skipulagi kennara (bekkir, hópar, paravinna eða einstaklingsvinna) og kennsluaðferðum.

### **3.1.10 Starf félagsmiðstöðvar**

Starfsemi félagsmiðstöðvar fer fram í samnýttu húsnæði með mið- og unglingsstigi. Hönnun aðstöðunnar á að stuðla að markvissri samvinnu og sameiginlegu eignarhaldi á rými og aðstöðu bæði í svæðum barnanna, unglingsanna og í starfsmannaaðstöðu.

Huga þarf að því að starf félagsmiðstöðvar fer að stórum hluta fram að loknu hefðbundnu skólastarfi. Huga þarf því vel að aðgangsstýringu en um leið tryggja að fjölbreytt starfsemi félagsmiðstöðvar geti farið fram í rými sem tekur mið af þörfum starfs í félagsmiðstöð og hin margvíslegu sérhæfðu rými í byggingunni nýtist einnig vel í þeirri starfsemi (s.s. fjölnotasalur, matsalur, hreyfirými, íþróttasalur, sérgreinasvæði, „kaffitería“ og sófakrókar í sameiginlegum rýmum).

Starfsemin kallar á fjölbreytt rými, bæði stærri herbergi og minni til að vinna með fjölbreyttan hóp barna og unglinga að fjölbreyttum viðfangsefnum (hópastarf, samvera, afþreying, leikir, rafíþróttir). Mikilvægt er að hægt sé að hafa góða yfirsýn yfir svæði félagsmiðstöðvarinnar.

## Afþreying

Skapa þarf pláss fyrir t.d. poolborð, foosball, pílukast og eða þythokky. Það þarf að vera gott pláss til að fara í hina ýmsu leiki ásamt því að geta setið saman í hópum í sófum og notið þess að vera saman.

## Svæði fyrir rafíþróttir

Svæði fyrir sjónvarp og rafíþróttir.

## Geymsla


Tryggja þarf góða geymsluaðstöðu – innréttingar fyrir búnað, áhöld og efnivið sem tengist starfi félagsmiðstöðvarinnar.

## 3.2 SÉRGREINASVÆÐI

### 3.2.1 Smíðja fyrir 1 - 9 ára

Gera á ráð fyrir smíðjusvæði fyrir leikskólabörn og börn 1. – 4. bekk jafnt í skólastarfi og starfi frístundaheimilis. Smíðjan er fyrir eftirfarandi námssvið:

- sjónlistir, myndlist
- tónmennt
- verkgreinar s.s. heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmennnt
- gróf vinnuaðstaða (tengt útisvæði)



*Smíðjusvæði tengist heimasvæðum*

Á yngsta stigi á að vera smíðjusvæði sem nýtist undir margs konar skapandi starf í skólastarfinu og í starfi frístundaheimilis. Á smíðjusvæði er unnið að verkefnum sem tengjast

myndmennt, textíl, heimilisfræði og margvíslegu skapandi starfi. Þar er vaskasvæði í hæð barnanna, lítil eldunaraðstaða (eldhúskrókur), aðstaða til að þurrka myndir ofl., stórt vinnuborð sem 10-12 börn geta staðið við. Það er hér sem sameiginlegu smiðjurnar eru, hér eru aðstaða fyrir verkstæðisvagna fyrir til dæmis, náttúruvísindi, tækni, myndlist, bókahorn.

Gera þarf ráð fyrir að á smiðjussvæði geti verið 40-60 börn á hverjum tíma.

Á smiðjussvæði þarf að gera ráð fyrir góðum geymslum fyrir áhöld og efnivið til að stuðla að markvissri samnýtingu. Ekki þarf að gera ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir starfsfólk á smiðjussvæði.

### Fjölnotasmiðja - Makerspace

Gera skal ráð fyrir fjölnota smiðju sem samnýtt af skóla og frístundaheimili og félagsmiðstöð. Verkstæðið er ætlað fyrir föndur, málningarvinnu, hjólaviðgerðir eða gera búninga svo eitthvað sé nefnt. Það þarf að vera hægt að koma inn í þetta rými beint af skólalóðinni til dæmis með reiðhjól eða anna búnað sem þarfnast viðgerðar. Þetta er grófrými. Tilvalið rými til samnýtingar bæði fyrir skólann og íbúa hverfisins. Getur einnig verið hluti af list- og verkgreinarýmum.

Á miðstigi og unglíngastigi eykst áhersla á sérgreinakennslu. Sérgreinasvæðin eru innréttuð þannig að þau hæfi virku námi og athöfnum nemenda/barna í samræmi við viðmið námskrár á hverju greinasviði eða aldurstigi fyrir sig og viðmiðum um gæði í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Notagildi og faglegt starf skal vera í öndvegi hönnunar.

Sérgreinasvæðin sem eru tengd er best að koma fyrir hlið við hlið þannig að nýta megi sameiginlegar geymslur og starfsmannaaðstöðu o.þ.h. fyrir allt sérgreinasvæðið. Áhersla er á að svæðin verða opin þannig að nemandinn verður í forgrunni

Gert er ráð fyrir að öll sérgreinasvæðin séu samnýtt af skóla, frístundaheimili, félagsmiðstöð.

### 3.2.2 List- og verkgreinar

*Í útfærslu á svæðum fyrir list og verkgreinar er opið flæði á milli þessara námsgreina og tengingu þeirra við við snillismiðjur. Góðri tengingu við útisvæði þarf að vera fyrir hendi.*

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er listgreinum skipt í sviðslistir, þ.e. dans og leiklist, sjónlistir og tónmennt en verkgreinum er skipti í heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmenn. Jafnframt þarf svæðið að taka mið af og gefa möguleika á samþættingu list- og verkgreina við aðrar námsgreinar og –svið.

Í listgreinum er lögð áhersla á sköpun og þróun hugmynda sem hafa listrænt og fagurfræðilegt gildi þar sem grunnurinn er forvitni og frumkvæði barnsins. Sú gleði og þær áskoranir sem tengjast því að þróa og móta eigin hugmyndir, að umbreyta efninu í ákveðin verk, hefur mikið vægi.

Verkgreinar skiptast í heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmenn. Í verkgreinum þurfa nemendur að hafa möguleika og aðstöðu til að beita ímyndunarafl sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt á markvissan hátt.

### Svæði list- og verkgreina

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er listgreinum skipt í sviðslistir, þ.e. dans og leiklist, sjónlistir og tónmennt en verkgreinum er skipti í heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt. Jafnframt þarf svæðið að taka mið af og gefa möguleika samþættingu list- og verkgreina við aðrar námsgreinar og –svið.

Á svæði list- og verkgreina er m.a. unnið að verkefnum sem tengjast eftirfarandi námssviðum:

- sjónlistir/myndmennt
- textílmennt
- hönnun og smíði
- heimilisfræði

Í listgreinum er lögð áhersla á sköpun og þróun hugmynda sem hafa listrænt og fagurfræðilegt gildi þar sem grunnurinn er forvitni og frumkvæði barnsins. Sú gleði og þær áskoranir sem tengjast því að þróa og móta eigin hugmyndir, að umbreyta efninu í ákveðin verk, hefur mikið vægi. Í verkgreinum þurfa nemendur að hafa möguleika og aðstöðu til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt á markvissan hátt.

Á sameiginlegu svæði list – og verkgreina er æskilegt að sé rými fyrir hugmyndaþróun og ígrundun. Hér fer fram upplýsingaöflun, hugmyndavinna, úrvinnsla, skissu- og líkanagerð, sýningar og miðlun, sameiginlegt mat og hópvinna. Slíkt svæði má gjarnan tengja við önnur sameiginleg svæði byggingarinnar.

Við hönnun og vali á efni í innréttingum á sérgreinasvæðum list- og verkgreina á notagildi, ending og sveigjanleiki vera leiðarljós. Mikilvægt er að lýsing rýmisins sé góð og breytanleg, bæði þegar um er að ræða dagsbirtu og raflýsingu, ýmist fyrir stök borð eða heil vinnusvæði.

Hluti rýmisins skal vera fyrir vinnu með blautum efnum svo sem leir og málningu. Ákjósanlegt er að aðgengið að rýminu sé um breiðar dyr/vængjahurðir.

### 3.2.3 Sjónlistir - myndmennt

Kennsla í sjónlistum fer fram í 1-7. bekk og oftast í valgreinum á unglingastigi.

Almennt – Í myndmennt er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli og því mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að þróa leikni í ólíkri nálgun og færni.

Vinna við myndlist krefst þess að oft er unnið með stærri fleti þar sem þarf að vera rými og hreinlegt en einnig svæði þar sem má sjást að verið er að vinna með ýmis konar efni.

Myndmennt skal vera með eftirfarandi aðstöðu:

- verkstæði/myndlistarrými fyrir fjölbreytt viðfangsefni til að rannsaka, skapa og greina
- geymslu fyrir efni og verkfæri, verk í vinnslu og fullunnin verk
- rými fyrir leirbrennsluofn
- vera með góðri og breytilegri lýsingu
- vera vel aðgengilegt um breiðar dyr

- með geymslu með hillum og skúffur undir efni og verk í stórum stærðum, getur einnig verið hluti af innréttingu

### Viðmið um aðstöðu fyrir keramikofn

Keramikofn (leirbrennsluofn) skal vera í sérrými með vélstýrðu loftútsogi. Jafnframt skal vera möguleiki á að geyma keramikverkin í sama rými.

### 3.2.4 Verkgreinar


Kennsla í verkgreinum fer fram í 1-7. bekk og oftast í valgreinum á unglingastigi.

Verkgreinar eru heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmenn. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að nota ímyndunaraflíð, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni við að skoða og skynja umhverfi sitt auk þess að þjálfast í lausnaleit, sjálfstæðum vinnubrögðum og að ígrunda og meta eigin verk.

#### Heimilisfræði

*Kennsla í heimilisfræði er að öllu jöfnu kennd í 1.-7. bekk og í vali á unglingastigi.*

Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfisins. Einnig gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með fræðslu um hollustu og heilbrigðan lífsstíl. Nemendur læra að meta og greina áreiðanleika upplýsinga og öðlast hæfni til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigin heilsu og líðan. Til að styrkja þessi tengsl er mikilvægt að samþætta kennslu í matreiðslu og næringarfræði. Það auðveldar nemendum að átta sig á því



hvaða næring er í matnum og hvernig best er að matreiða hann til að varðveita næringarefni sem best.

Mikilvægt er að heimilisfræðin taki mið af umhverfissjónarmiðum og veiti innsýn í vistfræði og glæði áhuga á umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum.

Heimilisfræðistofa er samnýtt með frístundaheimilinu og félagsmiðstöð. Mikilvægt er því að hafa aðskilda ísskápa og matarskápa/geymslur/búr fyrir efni og áhöld.

#### Kennslueldhús:

Verklega kennslan fer fram við eldhúseyjar. Hver eyja er innréttuð fyrir allt að 4 til 5 nemendur sem vinna saman í hóp um eitt sameiginlegt verkefni.

#### Borðsvæði:

Fræðilegi hluti kennslunnar fer venjulega fram við frístandandi borð sem einnig má nýta sem matarborð.

### Opið svæði:

Í beinum tengslum við rýmið skal vera svæði sem nýtist sem þvottahús (þvottavél, þurrkari, þvottavaskur) og aukageymsla þar sem við á.

### Viðmið um aðstöðu í heimilisfræði:

- Eldhúseyjur fyrir 4 -5 nemendur í einu
- Staður til að matast
- Aðstaða til að sýna matreiðslu
- Aðstaða til að þvo og þurrka þvott
- Skápar- kælikápar og frystir

### 3.2.5 Hönnun og smíði

*Kennsla í hönnun og smíði er að öllu jöfnu kennd í 1.-7. bekk og í vali á unglíngastigi.*

Í hönnun og smíði vinna nemendur með þróun eigin hugmynda, formmyndanir ásamt því að þau læra ólíka tækni. Tenging milli fræða, framkvæmdar og notagildis er afar mikilvæg til að þroska og þróa nýsköpun nemenda. Kennslan í list- og verkgreinum á að auka gleði nemandans við hönnun og smíði, efla sköpunarkraft, listræna nálgun og verkþekkingu og auka þannig áhuga nemandans á menntun sem sameinar handverk og hönnun.

Til þess að hægt sé að nýta rýmið undir margháttða kennslu og verkefnavinnu þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki í skipan og uppbyggingu rýmisins. Æskilegt að hafa aðgang utandyra að smíðju, trésmíðaaðstöðu, hér er hægt að tálga, höggva og smíða úr járn. *Sjá lýsingu á útisvæðum.*

Hægt er að sameina verkstæðin í kringum eitt sameiginlegt svæði sem allir geta nýtt sér. Skápar og innréttingar fyrir efnisveitur geta verið á hjólum, þannig að þau er auðfærð ásamt verkstæðisvagninum.

### Afmörkuð verkstæðissvæði

Innrétta skal verkstæðissvæði fyrir ýmist hörð eða mjúk efni, þar sem nemendur geta tileinkað sér viðeigandi vinnutækni og framleitt fullunnin verk.

- Dæmi um svæðisskiptingu:
- trésmíðasvæði með sterkbyggðum borðum og hefilbekkjum
- málmsmíðasvæði þar sem vinnustöðvar eru með skrufstykki
- svæði fyrir málningarvinnu. Þetta rými skal vera staðsett í tengslum við verkstæðisrýmið og vera búið loftútsogi.

### Lokað rými fyrir vélar

Rýmið skal vera með gluggum þannig að kennari hafi alltaf fullkomna yfirsýn yfir allt kennslusvæðið hvort sem að hann er í lokaða rýminu eða á verkstæðissvæðinu. Gera þarf ráð fyrir öflugri loftsugu sem tekur allt sag og spæni.

### Viðmið um aðstöðu í hönnun og smíði:

- snillismiðja

- verkstæði
- svæði fyrir yfirborðsmeðhöndlun efna
- lokað svæði fyrir vélar
- innréttingar með góðum geymslurými
- kennslusvæði utandyra

### 3.2.6 Textílmennt

*Kennsl í textílmennt er að öllu jöfnu kennd í 1.-7. bekk og í vali á unglingsstigi.*

Textílmennt felst m.a. í þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur læra að vinna með ólík efni og áhöld á sjálfstæðan hátt. Á svæði fyrir textílvinnu þarf að vera góð birta. Þar þarf að vera vinnuborð til að sníða og máta. Hér þarf einnig að huga að góðu geymslurými sem hæfir þeim efnivið sem notaður er í textílmennt (t.d. lengd efnisstranga). Gera þarf ráð fyrir vögnum á hjólum fyrir efnivið og áhöld.

#### Viðmið um aðstöðu fyrir textílmennt:

- textílsvæði með saumavélum,
- blautsvæði með vinnustöðvum fyrir flóka, þrykk og málun, ásamt löngum vaski þar sem margir komast að í einu
- innréttingar með góðu geymslurými

### 3.2.7 Snillismiðja

Tengd aðstöðu hönnunar og smíði og textílmenntar er snillismiðja þar sem mögulegt er að raungera hugmyndir, með því að hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Þar þarf að vera mögulegt að koma fyrir þrívíddarprentara, vínyskera, laserskera, efnivið, svo og tölvum til að hanna og forrita.

### 3.2.8 Náttúrugreinar

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyrja m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Í náminu fléttast saman efnisþættir náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Kennsla í náttúrugreinum stuðlar að þekkingu, virðingu og ábyrgð nemenda gagnvart sjálfbærni og lífi á jörðinni.

Á náttúruvísinda- og nýsköpunarsvæðum fer fram kennsla í eftirfarandi greinum:

- eðlisfræði/efnafræði/jarðfræði
- líffræði og umhverfismennt

Kennsla í náttúrugreinum er í vaxandi mæli þverfagleg, þar sem greinarnar styðja hver við aðra. Samvinna er mikil og unnið er gjarnan þvert á greinarnar í hópastarfi. Á svæðinu þarf því að vera sameiginleg aðstaða og rými fyrir plássfrek verkefni, til að vinna í minni hópum.

Áherslur og tækni er síbreytileg og því mikilvægt að þessi rými bjóði upp á sveigjanleika í nýtingu og staðsetningu lagna (vatn og rafmagn), stærð rýma og búnað o.fl.

Kennsla í eðlisfræði, efnafræði og líffræði á fagsvæði fer helst fram í 5.-10. bekk. Nemendur vinna í misstórum hópum eftir viðfangsefnum hverju sinni og þarf námsumhverfið að taka



mið af því. Aðgengi að nærumhverfi þarf einnig að vera gott til að hægt sé að nýta nánasta umhverfi og tengja við reynsluheim nemenda og náttúruna eins og hún er á hverjum tíma. Jafnframt þarf gott aðgengi að hvers konar margmiðlunarefni, gagnabönkum og öðru efni á vef til að nemendur geti tekið þátt í athugunum, skráð niðurstöður og dregið af þeim ályktanir.

Viðmið til námssvæða náttúrgreina

Á hluta kennslusvæðanna eru gerðar tilraunir með alls kyns áhöldum og efnum og unnið m.a. með hitagjafa (logandi). Gera þarf ráði fyrir þvottaaðstöðu og þurrgrindum.

Í rýmum fyrir náttúrugreinar skulu vera:

- tilraunasvæði fyrir hópvinnu
- kennslusvæði sem taka mið af fjölda nemenda
- mikilvægt að hægt sé að vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum í rýminu. Gera þarf ráð fyrir líkönum, smásjám og öðrum mælitækjum en einnig góðu aðgengi að ýmis konar margmiðlunarefni, gagnabönkum, leitar og samskiptavefjum á neti
- Á útisvæðinu þarf að vera aðgengi að vatni (sullusvæði), aðstaða til moltugerðar, rannsókná á veðurfari og ræktunar (gróðurhús).
- *Hluti námsins getur farið fram utandyra þar sem að leitað verður fanga í nærumhverfinu til athugana, efnistöku og skoðunar.*

### 3.2.9 Tónmennt

Kennsla í tónmennt fer fram í 1.-7. bekk og oftast í valgreinum á unglingastigi.

*Staðsetning svæða fyrir tónmenntakennslu má gjarnan tengjast hreyfirými/fjölnotasal eða svæði fyrir leiklistarkennslu. Æskilegt er að hægt sé að nýta rýmin utan hefðbundins skóladags til tónlistarkennslu og tónlistariðkunar hvort sem er fyrir skólahljómsveit, tónlistarskóla eða félagsmiðstöð.*

Fimm aðalsvið tónmenntakennslunnar eru söngur, hljóðfæraleikur, tónfræði, tónsköpun og hreyfing. Kennslustund í tónmennt getur verið afar mismunandi og spannað allt frá fræðilegri kennslu þar sem nemendur sitja við borð og skrifa hjá sér eða hlusta, yfir í hljóðfæraleik, dans, leik og söng.

Til að skapa góða tónmenntakennslu er mikilvægt að geta auðveldlega skipt milli viðfangsefna í kennslunni, sérstaklega þegar verið er að kenna börnum á fyrsta skólastigi sem eiga erfitt með að einbeita sér að sama verkefni lengi í einu (setukrókur, hreyfisvæði, hljóðfæraleikur, ritun). Í tónmenntastofu þarf all mikið af skápum fyrir hljóðfæri skúffum og haganlegum geymslulausnum.

Hljóðvistin í rýminu þarf að vera góð. Ágætt er að hugsa fyrir staðsetningu og mótun veggja í því sambandi, uppbrot í rýminu er með til að brjóta niður hljóðið í stað þess að veggir séu samhliða, efnisval má einnig auka dýpt og mýkt hljóðvistarinnar. Hér er æskilegra að nota mjúk efni í stað harðra. Nauðsynlegt er að hver og eitt rými sem nýtt er fyrir tónmennt og tónlistarkennslu sé vel hljóðeinangrað og tekið tillit til þess í allri hönnun lagna, veggja, gólfa og hurða – en um leið að tryggja gagnsæi þannig að vel sjáist inn í rými og milli rýma. Í

tengslum við tónmenntakennslurýmið eiga að vera 2-3 minni æfinga- og kennslurými t.d. fyrir hljóðfæranám. Einnig á að vera rými fyrir rafræna tónlist og hljóðblöndunar. Gera þarf ráð fyrir því að hægt verði að geyma hljóðfærin. Taka þarf tillit til hurðabreidda þannig að auðvelt sé að flytja hljóðfæri og búnað. Vagnar með hljóðfærum á að vera hægt að flytja á milli svæða og auka þannig enn frekar á sveigjanleikann.

Tengt tónmenntaaðstöðu á að gera á ráð fyrir upptökuherbergi og hvers kyns mynd- og hljóðvinnsluherbergi (t.d. „green screen“).

Viðmið um aðstöðu í tónmennt:

- tónmenntastofa
- 2-3 minni æfingarými
- hljóðver og myndvinnsla
- geymslu/innréttingar

### 3.2.10 Sviðslistir

Almennt – Til sviðslista teljast dans og leiklist. Í sviðslistum er almennt lögð áhersla á að þroska hæfni og löngun barna til líkamlegrar tjáningar og raddbeitingar, vinna með líkamlega hæfni og tjáningu í gegnum tónlist og listrænnar nálgunar.

Á svæði sviðslistar - fer fram kennsla í greinum sem krefjast nægjanlegs rýmis fyrir fjölbreytta hreyfingu og fjölmenna viðburði.

*Mikilvægt er að hægt sé að sýna á sviði, og hafa aðgang að bakrými. Æskilegt er að svið sé hreyfanlegt og hægt sé að nýta það bæði fyrir annan flutning t.d. tónlist og aðrar sýningar.*

*Mikilvægt er að svæði sviðslistar sé vel staðsett með beinu aðgengi frá lóð skólans. Tryggja þarf að svæðið geti verið opið þegar aðrir hlutar byggingarinnar eru lokaðir. Þannig má nota svæðið undir samkomur og starfsemi á öllum tímum sólarhrings allt árið um kring og alla þá sem taka þátt í skóla- og frístundastarfi í byggingunni þ.e. á vegum frístundaheimilis og félagsmiðstöðva.*

### 3.2.11 Dans

Dansnám í grunnskóla örvar og þroskar líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind nemenda. Dansinn hefur bæði sögulegt og menningarlegt gildi og gefur nemendum tækifæri til að beita líkamanum markvisst og innan ákveðins ramma, hreyfa sig frjálst, taka þátt í skapandi ferli og tjá og túlka hugmyndir og líðan.

### 3.2.12 Leiklist

Menntun í leiklist snýst meðal annars um að þjálfa nemendur/börn í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda/barna á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur/börn tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í byggingunni.

### 3.2.13 Upplýsingaver

Í upplýsingaveri fá nemendur/börn aðgang að fjölbreyttum bókakosti, stafrænum upplýsingum og fjölbreyttum gögnum sem þeir geta unnið áfram og miðlað til annarra þar sem við á. Á svæðinu er verkstæði þar sem kennarar/starfsfólk og nemendur/börn geta unnið og m.a. framleitt miðlunarefni og skapandi úrlausnir.

Hér geta nemendur/börn lesið bækur og fengið þær lánaðar. Jafnframt fer þar fram dreifing og útlán á fjölbreyttum gögnum (bóklegum, stafrænum og öðrum) og upplýsingaverið er því vinnustaður fyrir bæði nemendur/börn og starfsfólk. Upplýsingatækni og aðrir miðlar eru hluti af upplýsingaverinu.

Ekki má gleyma að upplýsingaverið er einnig staður þar sem nemendur/börn geta farið til að sökkva sér niður í bók eða annað efni. Þess vegna skulu vera svæði/staðir þar sem hópar eða einstaklingar geta unnið óárettir, t.d. útskot, krókar, „hellar“ eða „tjöld“.

Huga skal að í hverju tiltekna tilviki hvernig hin ýmsu svæði í námsverinu virka innbyrðis og sem heild. Til greina kemur að skipta námssmiðjunni í tvennt í tilteknum tilfellum, að teknu tilliti til staðsetningar einstakra eininga byggingarinnar, t.d. ef snillismiðja á að vera nátengd hönnun og smíði.

Upplýsingaverið skal vera:

- þannig innréttuð að nemendur/börn fái næði til að sökkva sér niður í bók eða annan lestur
- með staði þar sem minni hópar geta unnið

## 3.3 SKÓLAÍÞRÓTTIR

Íþróttakennsla fer fram í 1.-10. bekk.

Íþróttasalurinn verður fyrir kennslu en ekki fyrir keppnisgreinar eða móta. Fyrirhugað er að slíkt mannvirki verði reist í safnskóla við Ártúnshöfða / Elliðaárvog. Æskilegt er að íþróttasalur verði í góðum tengslum fyrir rými sviðslista. Þannig að fjölbreyttir möguleikar þessara rýma verði til staðar og hægt sé að fjölnýta þessi rými fyrir aðra viðburði í tengslum við starfið.

### 3.3.1 Íþróttasalur

Íþróttasalinn þarf að vera hægt að nýta undir margskonar starfsemi allt frá boltaleikjum og líkamsrækt í dans og leiklist o.s.frv. Jafnframt skal vera hægt að nýta íþróttasalinn þegar safna þarf saman öllum nemendum skólans og sem hreyfirými fyrir frístundaheimili, félagsmiðstöð og æfingarými fyrir íþróttafélög

### 3.3.2 Hreyfirými

Hreyfirými eitt eða fleiri sem mun nýtast jafnt börnum sem almenningi. Í hreyfisalnum á að vera hægt að stunda m.a. jóga, djassdans og glímu/judo. Í hreyfirými á að vera „mjúkt gólf“ og speglaveggur. Nauðsynlegt er að hægt sé að nýta rýmið af öðrum utan hefðbundins skóladags. Huga þarf því vel að aðgengi og samnýtingu og framtíðar tengingu við alla aðra íþróttastöðu.

### 3.3.3 Búningaaðstaða, sturtuklefar og snyrtingar

Gera þarf ráð fyrir viðeigandi aðstöðu fyrir starfsfólk og notendur.

### 3.3.4 Áhaldageymsla

Rýmið skal nýta sem geymslur undir íþróttahöld, íþróttatæki, tónlistarkerfi o.fl. Geymslurnar skulu liggja að salnum og vera með einar eða tvennar breiðar dyr fyrir hvert rými. Gólfhæð skal vera sama og í íþróttasal og engir þröskuldar.

## 3.4 SAMEIGINLEG SVÆÐI

### 3.4.1 Anddyri - inngangar

Inngangar byggingarinnar eiga að vera bjartir, umfaðmandi og opnir. Hér er góð yfirsýn og er auðvelt að nálgast upplýsingar um starfsemina, hér er einnig iðandi hreyfing, staðir þar sem að börnin og nemendur geta sest niður, klifrað, hoppað, leikið – þessi staður er ekki bara inngangur heldur eitthvað annað og meira. Hér er tekið vel á móti þér. Hér er óskað eftir því að umhverfið bjóði upp á rými til samveru og upplifunar, tröppur verða setrými, þarna er hægt að klifra, hér er hægt að hanga á fleiri en einn hátt, hér er lifandi umhverfi, bjóða upp á sýningar, arkitektúrinn býður þér heim til sín. Staðsetning innganga þarf að vera vel ígrunduð til að tryggja góða aðgangastýringu í samnýttu skóla- og frístundahúsnaði svo að ólík starfsemi geti farið fram á mismunandi tíma, jafnt og ólíkum tíma.

Anddyri, skógeymslur og fatahengi skulu taka mið af aldri barnanna. Inngangar skólabarna eiga að liggja vel að skólalóð og heimasvæðum nemenda. Inngangur starfsmanna og gesta á að liggja að stjórnenda- og starfsmannarýmum.

*Með góðri aðgangsstýringu og staðsetningu innganga er tryggð markviss samnýting á byggingunni.*

### 3.4.2 Fatahólf og þurrkaðstaða við innganga

Fatahólfín eru persónuleg og tenging barna við heimili þeirra, þar eru fötin geymd ásamt ýmsum persónulegum munum barnanna. Mikilvægt er því að fatahólf barna séu í góðri tengingu við heimasvæði þeirra. Mælt er með að hafa fatahólf barna þannig úr garði gerð að þau rúmi ekki aðeins föt þeirra heldur geti einnig eitthvað af persónulegum hlutum sem þau koma með sér. Í hólfum mætti gera ráð fyrir hjólahjálum barnanna.

Gera skal ráð fyrir þurrkaðstöðu fyrir útiföt barna og starfsmanna. Hægt verður að setja fötin inn í þurrkaðstöðuna til dæmis á fatagrindum og þar er einnig aðstaða til að þurrka blautan skófatnað.

### 3.4.3 Umferðarými (gangar og stigar)

Lögð er áhersla á það að allir gangar, tröppur séu ekki einungis gangsvæði heldur hluti af íverurými byggingarinnar. Samgöngurými eru hluti af athafnarými barnanna til hreyfingar og slökunar og eiga einnig að nýtast sem náms- og starfssvæði. Hér eru örvasandi, hljóðfæramyndir, stærðfræðitákn, alheimurinn allt sem örvar sjónrænt og eykur þekkingu og upplifun. Æskilegt er að „innra gegnsæi“ sé á milli samgöngurýma og annarra rýma með gluggum og glerveggjum þannig að börnin upplifi sig sem virka þátttakendur í fjölbreyttu námssamfélagi en ekki ein á ferð um þrönga ganga milli aðskildra skólastofa.





Sameiginleg rými við heimasvæði eiga að stuðla að jákvæðum skóla- og staðarbrag og vera aðlaðandi og björt. Sameiginleg svæði eru hluti af námssvæði og athafnarými. Þau geta verið íverusvæði í frímínútum, vinnusvæði og því þarf að vera þar bæði aðstæður til hreyfingar, einbeitingar og slökunar, s.s. í sófakrókum. Umhverfið á og að hvetja til virkni og hreyfingar til að mynda með hreyfistöðum á sameiginlegum svæðum. Í byggingunni hafa börn tækifæri til að nota líkamann á mismunandi máta er það gert með bjóða tækifæri til hreyfinga og virkni í nærumhverfinu með hreyfistöðum sem hvetja til virkra leikja, bæði í frjálsum tíma, en einnig sem stuttar pásur, kennslutímum. Það gerum við með hlaupabrautum, rimlum, köðlum, öskursvæðum, klifurveggjum á göngum, boxpúðum og rólum.

#### 3.4.4 Fjölnotalalur / matsalur

Fjölnotalalur og matsalur eru sameiginlegir fyrir alla starfsemi sem fer fram í byggingunni og allir eiga að geta nýtt þá. Í mörgum tilvikum eru þeir samnýttir en einnig getur verið að fjölnotalalur er notaður yfir daginn fyrir kennslu í dansi, leiklist o.þ.h. Mikilvægt er að hægt sé að skipta sölunum til dæmsi með felliveggjum.

Í fjölnotal taka börn þátt í sameiginlegum stærri viðburðum og uppákomum. Gestir sem tala til barnahópa gera það gjarnan í sal hvort sem um er að ræða sérfræðinga á fræðasviði, listamenn eða fulltrúar félagasamtaka. Gólf salarins má ekki vera stallað vegna krafna um sveigjanleika í notkun rýmisins en á móti þarf lofthæð að vera góð og upphækkun sem hæfir dagskrá hverju sinni. Ljós- og hljóðkerfi þarf að taka mið af notkun rýmisins, t.d. vegna dansleikjahalds og leiklistarstarfsemi.

#### 3.4.5 Matsalur

Í matsal geta leikskólabörn og yngstu grunnskólanemendurnir borðað í þrem til fimm „hollum“ bæði morgun- og hádegismat. Á borðsvæðinu skal vera gott aðgengi að hæfilegum fjölda langvaska. Í skipulagi borðsvæðis skal jafnframt hugað að svæði fyrir hlaðborð og stöðvum fyrir óhreina diska. Síðdegishressing frístundaheimils fer fram í matsal auk þess sem á skipulagsdögum, jólaaleyfum, páskaleyfum og sumarleyfum grunnskóla er matsalur nýttur af leikskóla og frístundaheimili.

#### Eldhús

Eldhús er vinnustaður þeirra sem búa til mat handa börnum og starfsfólki. Gott aðgengi þarf að vera fyrir vöru og greiður aðgangur að matsal byggingarinnar. Skipta skal eldhúsi í greinileg svæði samkvæmt starfsemi. Svæðum er skipt samkvæmt eftirfarandi starfsemi:

- vinnsla á hrávöru (kjöt/fiskur)
- vinnsla á grænmeti (græn deild)
- eldun

Til að auðvelda yfirsýn og til að tryggja öryggi í eldhúsrýminu skulu svæðin ekki vera skipulögð sem lokuð rými heldur skipt niður með hálfveggjum e.þ.h.

Í eldhúsinu skal vera handlaugar og matvælavaskar í samræmi við reglugerðir (fer eftir stærð og skipulagi eldhúss). Jafnframt skulu gólf og veggir eldhúss vera flísalögð upp í 180 cm hæð eða að lofti eða með epoxý. Dyr í/að eldhúsi skulu vera 1,10 m breiðar að lágmarki. Opnanlegir gluggar í eldhúsi skulu vera auðopnanlegir.

Eldhús skal vera þannig skipulagt að frítt svæði í kring um vinnustöð og geymslustaði sé 1,20 m að lágmarki. Innréttingar skulu vera upphækkanlegar.

Setja skal upp nægjanlegan fjölda hillna í eldhúsi undir áhöld o.þ.h.

### Geymslur og uppþvottarými

Uppþvottasvæði skal vera í sérými en þó tengt beint við eldhús. Uppþvottarými skal hafa aðgengi bæði frá eldhúsi og mötuneyti. Aðgengi að búi skal vera beint frá eldhúsi.

### Kæli- og frystiklefar

Kæliklefi skal hafa beint aðgengi frá eldhúsi. Gera þarf ráð fyrir að kælipressur klefana séu settar utan á hús eða upp á þak. Stærri kæliklefinn skal vera staðsettur nálægt komusvæði ferskvara ef um er að ræða skiptan kæliklefa, skal skipulag kæliklefans vera þannig að grænmetisending fari ekki gegnum hrávöru kælisins á leið í birgðageymslu. Gera skal ráð fyrir frystiklefa.

### Starfsmannaaðstaða

Við eldhús á að vera aðstaða fyrir starfsfólk. Eldhúsið skal vera með aðliggjandi, salerni fyrir starfsfólk eldhús. Starfsfólk skal hafa aðgang að búningsklefa og sturtu.

#### 1.1.1 Salerni - snyrtingar

Greiður aðgangur skal vera að salernum frá öllum svæðum, þ.m.t. heimasvæðum- og sérgreinasvæðum, sameiginlegum svæðum og útisvæðum. Til að geta haldið óhreinindum og lykt í lágmarki á salernum er lögð mikil áhersla á að nota yfirborðsefni sem auðvelt er að þrifa. Snyrtingar barna á leikskólaaldri tekur mið af þeim þörfum sem að þar eru. Hvert salerni fyrir börn á grunnskólaaldri skal ætíð vera í lokuðu rými (salernisskál, vaskur og spegill í einu læsanlegu rými).

#### Snyrtingar leikskólabarna:

- sameiginlegar snyrtingar
- rafdrifin skiptiborð fyrir yngstu börnin
- lokun inn á einstök vatnssalerni
- vaskarennur
- handlaugar starfsfólks
- auðveld að þrifa
- með vegghengd klósett

### Snyrtingar barna á grunnskólaaldri skulu vera:

- stakstæðar
- vel staðsett í byggingunni – í nálægð við heimasvæðin
- auðveld að þrifa
- með vegghengd klósett

## 3.5 SAMEIGINLEG STJÓRNUNAR- OG STARFSMANNARÝMI

### 3.5.1 Móttaka

Móttaka skal vera staðsett miðsvæðis í byggingunni og vel sýnileg, en þangað geta allir snúið sér með erindi til leikskólans, grunnskólans, félagsmiðstöðvar eða frístundaheimilis beint af lóðinni. Skilti skulu vera í byggingunni sem sýna hvar hinar ýmsu einingar starfseminnar er að finna. Gott aðgengi skal vera frá móttökusvæði að fundaraðstöðu.

### 3.5.2 Stjórnunarskrifstofur

Stjórnendarymi skulu staðsettar í nánd við móttöku. Fjöldi stjórnenda ræðst af fjölda barna og nemenda. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir stjórnendateymi sem getur talið allt að 7-10 manns þ.e. skóla- og frístundastjórnendur, rekstrarstjóra, deildastjóra stoðþjónustu og aðra deildarstjóra eftir því sem starfsemin vex. Stjórnendur eru a.m.k. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, rekstrarstjóri og deildastjóri stoðþjónustu auk forstöðumanna félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis. Stilla skal stærð skrifstofa í hóf og gera ráð að fundir fyrir fleiri en 4 fari fram í fundarherbergjum sem tengd eru stjórnunarskrifstofu.

### 3.5.3 Fundar- og viðtalsrými

Bæði stjórnendur og aðrir starfsmenn skólans nýta fundar- og viðtalsrými. Mikilvægt er að tryggja góða hljóðvist. Fjöldi fundarrýma ræðst af stærð byggingarinnar en skulu að lágmarki vera þrjú. Eitt rýmið er fyrir allt að 12 manna fundi. Annað rými allt að 8 manna fundi og það þriðja allt að 6 manna fundi.

### 3.5.4 Skólaheilsugæsla

- Rýmið skal vera:
- með nægilegt gólfsvæði fyrir teiknaða braut sem nota má í athugun á hreyfifærni
- nægilega stórt til að rúma, þrjá gesti, legubekk og læsanlega skápa
- við rýmið skal vera þjónustuaðstaða fyrir fatlaða (sturta, salerni, hvíld).

### 3.5.5 Kaffistofa - hvíldarrými

Kaffistofa er fyrir allt starfsfólk þ.e. þeirra sem starfa í leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöð. Hér gefst kostur á að taka hlé frá starfi með börnum og einnig að sinna undirbúningi. Kaffistofa skal staðsett í tengslum við fundarherbergi og stjórnunarsvæði, sé þess nokkur kostur. Kaffistofa þarf að vera björt og rúmgóð.

Gott er ef hægt er að hólfa stofuna niður. Þarna eiga starfsmenn að geta sest niður í mjúk sæti, sófahorn o.s.frv.

- leitað er eftir lausnum sem að endurspeglar fjölbreytilega nálgun og nýtingu.
- setsvæði í ólíkum hæðum og gerðum

- sófar, mjúk rými
- innréttingar sem setsvæði

Á kaffistofunni þarf að vera aðstaða til þess að framreiða mat (kaffibrauð og kaffi) og snæða máltíðir. Starfsmenn þurfa að geta geymt matvæli í ísskáp. Í starfsmannaðstöðu þar sérstaklega að huga að starfsaðstæðum annarra starfsmanna en þeirra sem hafa séraðstöðu eða sameiginleg vinnuherbergi á heimasvæðum og fagsvæðum.

### 3.5.6 Gagnasmiðja

Í þessari aðstöðu er hægt að fjölfalda, prenta og vinna ýmis gögn sem varða starfið. Í gagnasmiðju þarf að vera gott geymslupláss fyrir efnivið og áhöld. Skera og vinna gögn fyrir undirbúning náms og starfs.

### 3.5.7 Fatahengi starfsfólks

Í tengslum við starfsmannaðstöðu eru læst munahólf fyrir persónulega muni starfsmanna ásamt fatahengi og skóhirslu. Aðstaða fyrir starfsfólk með bekkjum, fataskápum, fatahengi, skóhillum og munaskápum.

Skoða þarf sérstaklega aðstöðu starfsfólks sem sinna yngstubörnum og huga að aðstöðu fyrir hlífðarfatnað þeirra.

### 3.5.8 Snyrtingar - búningsaðstaða starfsfólks

Gera þarf ráð fyrir lögbundnum fjölda snyrtinga fyrir starfsfólk. Búnings og sturtuáðstaða í samræmi við samgöngustefnu Reykjavíkurborgar.

### 3.5.9 Þjónusturými – tæknirými

Húsnæði skal vera með eftirfarandi aðstöðu fyrir viðhald og umsjón fasteignar. Gera skal ráð fyrir aðstöðu og góðu aðgengi fyrir þá sem sinna viðhaldi og umsjón fasteignarinnar og kerfum hennar.

- inntaksrými
- tölvurými
- tæknirými fyrir loftræstikerfi
- ræstirými - 1 ræstirými að lágmarki skal staðsett á hverri hæð,
- þvottahús - í þvottahúsi og ræstirými skal vera nóg hillupláss fyrir ræstiefni og áhöld og lín (þvottahús og ræstirými geta verið í sama rými).



## 4 LÓÐ

Lóð og útisvæði eiga að nýtast börnum og unglingum til náms, leikja og íþróttanna allan daginn, allan ársins hring. Vel hönnuð og vel byggð lóð stuðlar þannig að lýðheilsu, félagshæfni og sjálfsefningu.

Leggja skal áherslu á gæði lóðarinnar við skipulagningu byggingarinnar og tengsl við aðliggjandi svæði. Mikilvægt er að skapa góðar aðstæður til útináms og stuðla að aukinni útiveru barna allan ársins hring í þroskavænlegu umhverfi. Lóð á að bjóða upp á hreyfingu, áskorun, innblástur og náttúruupplifun.

### 4.1.1 Svæðaskipting útisvæða

Lóð skiptist meðal annars niður í:

- fjölbreytt svæði fyrir leiktæki og leikvelli
- svæði fyrir hugmyndaleiki
- svæði til náttúruupplifunar
- útikennslusvæði ( náttúrufræði, verkgreinar, íþróttir, listir ofl. )
- útikennslustofu
- viðverusvæði/andrymi/ „kósi“ svæði
- aðkomu kennara og starfsmanna, foreldra og barna
- svæði fyrir hópferðabíla
- aðkomu að sorphirðusvæði (bæði frá byggingu og fyrir sorbíla)
- aðkomu fyrir bíla með aðföng
- aðkomu neyðarbíla (sjúkrabifreiðar, slökkvilið, lögregla)
- svæði fyrir hjól
- rathlaupabraut

Gengið er út frá því að börn og starfsfólk notist við vistvænar samgöngur og sem flestir komi gangandi eða „hjólandi“ í skólann. Taka þarf tillit til þess við tengingu lóðar við nærliggjandi samgöngumannvirki og tryggja að aðstaða sé til að geyma reiðhjól og skutlur. Huga þarf einnig að rafhleðslustöðvum. Góð lýsing skal vera á stígum sem liggja að lóð og innan lóðarinnar.

Lóðin skal skipulögð sem ein heild og hvert svæði á að skilgreina sem „fjölnota rými“

Á lóð skulu vera fjölbreytileg rými mismunandi eðlis og stærðar - frá stóru „sviði“ að svæðum þar sem minni hópar safnast en líka litlum útskotum. Rýmin má nota bæði sem leik- og viðverusvæði og fyrir kennslu þegar þörf er fyrir að geta safnast saman og vinna í stórum eða litlum hópum.

Hin ýmsu athafnasvæði skulu vera afmörkuð milli leik- og námsgreinatengdra svæða, en líka milli rólegra og ærslafullra athafnasvæða. Afskermun og hæðarmunur milli svæða og mismunandi yfirborðsefni þeirra stuðla að því að mismunandi athafnir eða starfsemi geta farið fram á útisvæðunum samtímis án truflunar. Hönnuður skal gæta þess að hönnun svæðisins lúti ekki í lægri hlut fyrir leiktæki, heldur falli leiktæki að hönnun og landmótun.

Ákjósanlegt er að helstu gönguleiðir að byggingunni og aðkoma að helstu leiksvæðum lóðarinnar ættu að vera snjóbrædd að til þess að hægt sé að nýta svæðin allan ársins hring í nám og leik. Huga skal að góðu og öruggu aðgengi milli útisvæða og eins milli úti- og innisvæða. Aðgengi fyrir alla skal uppfyllt.

Svæði með laust yfirborðsefni svo sem möl, sandi o.þ.h. skal ekki vera nálægt inngöngum í byggingarnar. Jafnframt skal tryggja - með köntum e.þ.h. - að efnið berist ekki inn eða yfir á önnur svæði þar sem það væri til ama.

Skipulag svæðisins skal taka mið af þörfum mismunandi aldurhópa og þemaskipta lóðinni þannig að hún mæti vel þörfum ólíkar aldurshópa þannig að hvert aldurstig eigi sitt „heimasvæði“ á lóðinni, leikskóli, yngsta stig grunnskóla og frístundaheimili, mið- og unglíngastig. Á öllum svæðum skal vera mikill gróður sem gerir ráð fyrir leik barna, gróður skal taka tillit til allra árstíða og vera léttur í umhirðu.

#### 4.1.2 Svæði fyrir leiktæki og leikvelli

- leiksvæðið skal vera áskorun fyrir börn á öllum aldri og hvetja til leiks og hreyfingar í samræmi við líkamlega færni, áhugasvið og stærð barna á leik- og grunnskólaaldri.
- á svæðinu skulu vera leiktæki og leikvellir sem eru áskorun fyrir börnin og þjálfva hreyfiproska, jafnvægi og líkamlega samhæfingu. Lóðin skal vera í heild sinni heilsueflandi, spennandi og bjóða upp á margvíslegar afþreyingar.

Leiksvæðið skal veita börnum möguleika á mismunandi gerðum leikja í fjölbreyttu leikumhverfi:

- hlutverkaleikir, t.d. í formi kofa, hellir, kastali, klifurturn
- sköpun þar sem börn byggja og breyta, t.d. með sandi, spýtum, kössum
- fjölda félagslegra leikja ásamt leikjum sem börn ýmist fara í að eigið frumkvæði eða
- í tengslum við kennslu og uppeldisfræðilegt starf, svo sem eltingaleikjum, söngleikjum og boltaleikjum.
- mála má fjölbreytta parís á lóðina.
- útisvæðin skulu jafnframt bjóða upp á rólega staði þar sem eitt eða fáein börn saman geta verið út af fyrir sig.

## 4.2 UMHVERFIÐ

Nálægðin við vatnið mun hafa mikil áhrif á starfsemina, vogurinn, smábátahöfnin og Elliðaárnar gefa tækifæri til að mynda nýtt og öðruvísi rými til að upplifa, leika og læra. Það verður einnig áskorun fyrir börnin og hin fullorðnu varðandi félagsleg tengsl, hæfni og þekkingu til að takast á við aðstæður.

#### 4.2.1 Vogurinn, höfnin og áin

Nálægðin við smábátahöfnina mun tengja okkur við mannlífið og þá starfsemi sem að þar er. Mikilvægt er að nálgast svæðið af virðingu. Við æfum okkur frá unga aldri og öðlumst öruggi, þekkjum straumana, flóð, fjöru og hafið. Við munum skoða, dorga, sitja og njóta þess að horfa og vera til staðar. Það að sitja eða vera á bakkanum og sjá lífið veitir okkur innblástur og kennir okkur að vera í núinu. Svæðið hvetur einnig til margþættrar hreyfingar, siglinga, róðra og vatnasports. Hér gefst möguleiki til að prófa og þróa nýjar leiðir í tengslum við voginn

og mikilvægt að á svæðinu sé tryggt rými fyrir þekkingarleit. Hér tileinkum við okkur þekkingu á vatninu sem umhverfi og bústað lifandi vera, sjávardýra og gróðurs. Við lærum um líffræði, veðurfræði, jarðfræði, hér gefst tækifæri til að þróa nýja tækni og efla hjá okkur þekkingu á sjálfbærum orkuauðlindum sem tengjast vatninu og umhverfinu almennt.

#### 4.2.2 Öryggi – mörk og aðgengi

Öryggið í kringum veginn og höfnina snýst um aðgengi og afmörkun. Afmörkun er bæði huglæg og eiginleg. Í huglægri merkingu snýst það um þau uppeldisfræðilegu sjónarmið sem fyrir okkur er haft. Tryggja þarf að skynsamleg og afmörkuð svæði og útfærsla þeirra hugi að þessum atriðum. Mörkin þurfa að vera skýr ef við viljum ekki að börn komist að ákveðnum svæðum. Það geta verið girðingar, gróður og aðrar náttúrulegar hindranir sem að við nýtum til afmörkunar ásamt því að mynda leiðir að stöðum sem að vekja áhuga og innblástur.

Skólalóðin verður ekki hefðbundin hún er einnig þökin, brúin og að vissu marki vogurinn, höfnin og áin. Lóðin verður hluti af þeim almenningsgarði og útivistasvæði sem Fleyvangur verður. Æskilegt er að hönnun útisvæða taki tillit til þessara þátta. Á svæðinu á að vera mögulegt að upplifa vatn á margvíslegan hátt. Það er hægt að hugsa sér að eftirfarandi staðir verði útfærðir:

- afmarkaður pollur: til að dorga, leika við sjávarborðið, byggja fleka, rannsaka náttúruna
- strönd: hér er hægt að byggja kastala, grafa eftir kuðungum, steinum og skeljum, fylgjast með fuglalífi
- fiskabúr í ólíkum stærðum, þau geta verið hreyfanleg, hér er hægt að læra um fiskana í sjónum, verka þá
- hið fljótandi námssvæði – hér eiga börnin sinn stað til náms/og verka
- fljótandi svið – hér er hægt að sýna og leika athafnasvæði til að græja sig á kajak og aðrar minni fleytur

#### 4.2.3 Náttúruupplifun

Upplifun af náttúrunni er mikilvægur þáttur bæði í leik og námi. Náttúruupplifun má m.a. ná fram í trjá- og runnagróðri sem þegar er á svæðinu. Mikið mun mæða á lóðinni og ekki síst á gróðrinum. Gróður skal því vera fjölbreytilegur og einnig sterklegur hvað varðar plöntuval, -stærð og þéttleika, til að henta leik barna. Tryggja þarf að ekki séu eittraðar plöntur á lóð. Verja má gróðurinn á meðan hann er að vaxa, ýmist með lágum girðingum eða með því að hafa runna og beð í torfum sem börn geta farið á milli. Mikil nánd er við á og haf. Fjaran og fuglalífið á svæðinu nýtist því til fjölbreyttrar náttúruupplifunar. Hafa þarf hins vegar hugfast að í veginum er afar mikill munur sjávarstöðu milli flóðs og fjöru (rúmir fjórar metrar).

#### 4.2.4 Útikennslusvæði

Mikilvægt er að góðar tengingar verði á milli námssvæða innanhús og svæða sem tengjast sérgreinasvæðum svo hægt sé að leggja áherslu á útikennslu sé utangengt frá viðkomandi sérgrein og þar sem frístundastarfið fer fram.

Útisvæðin geta t.d. tilheyrt eftirfarandi námsgreinum:

(*einnig mætti skoða að svæðin hafa sameiginlega aðstöðu*)

- náttúrugreinar
- heimilsfræði
- hönnun- og smíði
- íþróttir – hreyfing

#### 4.2.5 Náttúrugreinar

Dæmi um útikennsluaðstöðu fyrir náttúrufræði:

- upphækkuð plöntubeð sem svæði fyrir tilraunaræktun (upphækkuð beð skulu vera á sólríkum stað og með frárennsli. Vatnskranir innan seilingar)
- gróðurhús
- moltu-/safnhaugur skal vera í skugga og með aðgang að vatni. Safnhaugur skal vera þannig uppbyggður að auðvelt er að tæma og fylgjast með moltugerðinni, t.d. með því að geta losað eina hliðina.
- aðstaða til að gera tilraunir til að sannreyna eðlisfræðileg lögmál á ýmsum hlutum á útisvæðinu
- söfnun og rannsókn á náttúrulegum fyrirbærum, plöntum, gróðri o.fl.

Dæmi um útikennsluaðstöðu: (*einnig mætti skoða að svæðin hafa sameiginlega aðstöðu*)

- traustar veðurþolnar borðplötur með vöskum og krönum.
- rennandi vatn (sem hægt er að skrufa fyrir innandyra)
- aðgangur að rafmagni (sem hægt er að loka fyrir innandyra)
- yfirbyggt skýli
- skjólgott rými með drumbum í hring og möguleika á að smella upp tjaldhimni.
- ákjósanlegt að um væri að ræða mismunandi stærðir af ofangreindu rými
- áhaldaskúr (eða útigeymsla)



#### 4.2.6 Heimilisfræði

Dæmi um útikennsluaðstöðu í heimilisfræði:

- nestisstaður fyrir börn og unglinga, sem mögulegt er að hafa undir þaki
- rennandi vatn (sem hægt er að skrúfa fyrir innandyra)
- stað fyrir varðeld og aðra útiöldun (grill, prímusar)
- vinnuborð úr steinsteypu eða stáli með innbyggðum vöskum
- áhaldaskúr (eða útigeymsla)
- aðgangur að sér áhöldum, diskum, glösum, brettum, ofl.
- aðgangur að rafmagni (sem hægt er að loka fyrir innandyra)
- matjurtagarður

#### 4.2.7 Verkgreinar

Dæmi um útikennsluaðstöðu fyrir verkgreinar:

- grófvinnusvæði þar sem börnin geta smíðað úr léttsteypu, tré o.fl.
- „tálguhringur“ (nemendur geta setið í hring og tálgað)
- rennandi vatn (sem hægt er að skrúfa fyrir innandyra)
- aðgangur að rafmagni (sem hægt er að loka fyrir innandyra)
- verkfæraskúr
- auk þess skal hafa fast, hart undirlag, t.d. úr sterklegum steinsteypuhellum

#### 4.2.8 Íþróttir/hreyfing

Boltaleikir og ákveðnar frjálsíþróttagreinar eru mikilvægur þáttur í kennslunni, en aðrar greinar eins og parkour, ratleikur eða klifur geta einnig verið hluti af útikennslunni.

- körfuboltavöll
- gervigrasvöllur
- brennó völlum
- hlaupabraut (60-80-100-400 m)
- kastíþróttir (spjót, kúluvarp o.fl)
- parkour
- klifurveggur
- hreystitæki
- svið

*Einnig má hanna eitt svæði sem þjónar öllum þessum námsgreinum og eru þá fjölnota viðverusvæði.*

#### 4.2.9 Útikennslustofa fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Gera skal ráð fyrir því að staðsetja útikennslustofu við skólann þar sem einnig verður eldhúskrókur, snyrtingar osfrv. Er þar gert ráð fyrir því að börn á yngsta stigi grunnskóla geti sótt nám viku í senn í útideildinni. Um er að ræða byggingu sem verður allt að 150 m<sup>2</sup>.

### 4.3 KRÖFUR TIL SKIPULAGNINGU ÚTISVÆÐA

#### Viðmið fyrir útisvæði:

- vera örugg og auðvelt sé að hafa yfirsýn yfir lóðina
- skipulögð með svæðum í mismunandi stærðum
- vera með staði þar sem nemendur geta verið í ró og næði
- vera með mismunandi athafnasvæði sem eru afmörkuð hvert frá öðru með girðingum eða á annan hátt
- vera þannig skipulögð að svæði nálægt inngöngum séu ekki með laust yfirborðsefni eins og mól, sand o.þ.h.
- vera þroskavænleg en örugg umgjörð um nám og leik barnanna utandyra
- bjóða upp á náttúruupplifanir
- skipulögð þannig að möguleiki sé á fjölbreyttum leikjum
- hönnuð þannig að aðkoma neyðarbíla sé trygg

#### Leiktæki skulu:

- bjóða upp á áskorun fyrir börnin og þjálfra hreyfifroska, jafnvægi og líkamlega samhæfingu þeirra

#### Kröfur til svæðis fyrir náttúruupplifun

- leiksvæðið skal veita börnum náttúruupplifanir
- velja skal gróður þannig að hann tryggi börnum náttúruupplifanir. Dæmi:
- líffræðilegur fjölbreytileiki, breytingar yfir árið (blómgun, berjamyndun og felling laufa), dvalarstaðir skordýra og fugla
- gera skal ráð fyrir leik barna í gróðrinum með því að setja inn stíga og viðverusvæði.
- til verndar viðkvæmum gróðri skal nota 45-60 cm háar girðingar

#### 4.3.1 Sorpgeymsla

Sorpgeymsla skal vera á lóð eða innandyra í byggingunni með auðveldu aðgengi fyrir starfsfólk sorphirðu. Stærð sorpgeymslu fer eftir fjölda tæminga á viku og fjölda og stærð sorpílata.

### 4.4 FÆRANLEGAR KENSLUSTOFUR - BYGGINGARREITUR

Á lóð byggingarinnar skal gera ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 8 færanlegum kennslustofum. Stofurnar skal staðsetja þannig að þær sé hægt að koma fyrir án þess að það hafi áhrif á aðra starfsemi eða lóðarnýtingu. Auðvelt á að vera að tengja stofurnar við lagnakerfi og koma þeim fyrir á sem auðveldastan hátt.

DRÖG

# Göngu – og hjólabrú í Vogabyggð

Forsögn



**Reykjavíkurborg**

Umhverfis- og skipulagssvið

Skóla-og frístundasvið

Maí 2021





## EFNISYFIRLIT

---

1	Hjóla og göngubrú	2
1.1	Markhópar	2
1.2	Aðliggjandi stígar og umhverfi	2
1.2.1	Æskilegur halli stíga og brúar	2
1.2.2	Breidd stíga og brúar	3
1.2.3	Öryggi á og við brú	3
1.2.4	Tenging brúar við Vörputorg og skólalóð	3
1.2.5	Áferð og efniviður	4
1.2.6	Mögulegar gönguleiðir útivistarsvæðis og skólalóðar í tengingu við brú	4
1.2.7	Göngu og hjólaleiðir að og frá brú	4
1.2.8	Áningastaðir	4
1.2.9	Gróður og landmótun á jöðrum brúar.	4
1.2.10	Lýsingarhönnun	4
1.2.11	Fagurfræði og hönnun í samtali við notagildi	5
1.2.12	Lýsing (Fyrir aðkomu að brú og á brú) – vindbrjótur	5
1.2.13	Tenging brúar	5

# 1 HJÓLA OG GÖNGUBRÚ

---

**Hluti af samkeppni um samþættan leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð í Vogabyggð er að leysa tengingu um göngu og hjólabrú milli Íbúðabyggðar í Vogabyggð og Fleyvangs.**

**Brúin mun verða mikilvægt kennileiti fyrir svæðið og mikilvægasta samgönguæð milli íbúðabyggðar og skólabyggingar.**

## 1.1 MARKHÓPAR

Markhópur brúar eru allir virkir ferðamátar, þ.e. gangandi, hjólandi vegfarendur. Umferð bíla telst ekki til virkra ferðamáta. Brú og stígar eiga að þjóna íbúum vatnsnærleggjandi byggðar og gestum sem þangað sækja eða eiga leið þar um á ferð sinni um borgina. Með brú og stígagerð er markmiðið að efla tengingar hverfa við útivistarsvæði í Elliðaárvoginum. Jafnframt verður brúin mikilvæg tenging í neti stíga um borgina sem samgönguleið fyrir alla virka ferðamáta. Af þeim vegfarendahópum sem um brúnna fara skulu skólabörn Vogahverfis hafa sérstakan forgang þar sem brúin er tenging búsetu þeirra við skóla hverfisins.

## 1.2 AÐLIGGJANDI STÍGAR OG UMHVERFI

### 1.2.1 Æskilegur halli stíga og brúar

Æskilegt er að langhalli stíga sé því sem næst 20‰ (1:50). Til að tryggja aðgengi fyrir alla skal langhalli brúar og stíga almennt ekki vera meiri en 50‰ (1:20). Sé ekki hjá því komist má halli stígs vera allt að 83‰ (1:12) á stuttum kafla (< 3 m), en halli á brú skal ekki vera meiri en 50‰. Frekari kröfur um hámarkslengdir á langhalla má sjá í töflu 1 að neðan, í leiðbeiningum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um algilda hönnun utandyra, leiðbeiningum SSH og Vegagerðarinnar um hönnun hjólastíga og leiðbeiningum dönsku samgöngustofunnar (Vejdirektoratet) um hönnun stígbrúa (Geometrisk udforming af stibroer). Sé halli á stíg um eða yfir 50‰ er æskilegt að komið sé fyrir 2 m löngum hvíldarpöllum við hverja 0,6 m hæðaraukningu. Þverhalli stíga skal bæði almennt og mest vera 25‰.

Þar sem mikill hæðarmunur er milli stígstæða má hugsa sér að skólabyggingin væri nýtt til að taka upp hluta hæðarmismunarins.

Tafla 1: Hámark á lengd kafla með mismunandi langhalla. Ef halli verður að vera lengri en hámark er lagt til að gerð verði  $\geq 2$  m löng hvíldarsvæði þar sem langhalli er 20‰ eða minni.

Langhalli	Mesta lengd á stíg	Mesta lengd á brú
50‰ (1:20)	100 m	50 m
45‰ (1:22)	200 m	100 m
40‰ (1:25)	400 m	200 m
35‰ (1:29)	600 m	300 m
30‰ (1:33)	Ótakmarkað	500 m

### 1.2.2 Breidd stíga og brúar

Þar sem göngu- og hjólastígar eru aðskildir skal tvístefnu hjólastígur vera 3,0 m breiður og göngustígur að minnsta kosti 2,5 m. Aðgreiningu milli stíga og aðra planlegu skal útfæra til samræmis við [leiðbeiningar SSH og Vegagerðarinnar um hönnun hjólastíga](#). Sameiginlegur göngu- og hjólastígur skal hið minnsta vera 3,5 m á breidd.

Hindranir við kanta stíga, líkt og handrið, minnka virka breidd þeirra um u.þ.b. 0,5 m. Breidd brúar milli handriða skal því vera hið minnsta 4,5 m og skulu endar handriða vera útfærðir þannig að þeir valdi ekki árekstrarhættu. Sé langhalli brúar yfir 30‰ þarf virkt þversnið að breikka til að gera ráð fyrir að fólk rási til. Þannig skal virkt þversnið brúar breikkað um 0,5 m við 50‰ halla en línulega niður í 0,0 m við 30‰ halla. Brú með 50‰ halla skal því vera a.m.k. 5,0 m breið milli handriða og brú með 40‰ halla skal vera a.m.k. 4,75 m breið milli handriða.

### 1.2.3 Öryggi á og við brú

Öruggt og gott aðgengi að brú þarf að kallast á við góða hönnun brúarinnar. Brúin þarf að taka til hins mannlega skala og skapa góða umlukningu. Gæta þarf sérstaklega að öryggistilfinningu allra þegar gengið og hjólað er yfir brúna og þá sérstaklega skólalóð. Mikilvægt er að brúin veiti skjól og skapi öryggi í allri veðráttu.

### 1.2.4 Tenging brúar við Vörputorg og skólalóð

Tenging brúar við torg/ almannarými þarf að falla áreynslulaust við nærumhverfi sitt.

Sýna þarf útfærslu tengingar brúar við bæði Vörputorg /almannarými og skólalóð, þá skulu tengingar brúar að landi falla vel að umhverfi sínu með öryggi allra vegfarenda í huga.

Fella þarf hönnun torgsvæðis (Vörputorg) vel að brú þannig að torgið að taki mið af allri tegund umferðar sem um brúnna á að fara og að öryggi allra vegfarenda um torg og brú sé gætt í hvívetna. Sama á við um tengingu brúar og skólalóðar. Sem sjálfsagður hluti / framhald af skólalóðinni þarf brúin að vera aðlaðandi og draga til sín, vera sjónrænt hvetjandi td. með litavali, gróðri, áningarstöðum ofl. Brúin má þannig ekki verða sú hindrun að erfitt sé fyrir börn að fara yfir hana við flestar aðstæður. Þó horft hafi verið til tengingar við Fleyvang um Vörputorg er þátttakendum í samkeppni heimilt að benda á aðra staði fyrir brúartenginu.

### 1.2.5 Áferð og efniviður

Yfirborðsefni, gólfplötur, brúar þarf að geta tekið mið af notkun brúarinnar. Fagurfræði og hönnun brúar skal alltaf vera í góðu samtali við notagildi. Yfirborðsefni brúarinnar skal taka mið af yfirborðsefni stíga í kring, svo breytingin af því að ferðast af stíganeti og á brú verði jöfn og lítilsháttar. Í því ljósi er bent á að æskilegt er að yfirborð brúar svipi til litar stíganetsins sem augljós hluti stíganetsins en höfði um leið til barnsins sem mikilvægs notanda brúarinnar. Þessu má t.d. svara með litabema sem aðskilur göngu- og hjólaleið. Áferð yfirborðs skal vera álík milli brúar og aðliggjandi stíga og viðnámið svipað, þ.e. yfirborð brúar skal hvorki vera hálla né stamara en yfirborð stíga.

### 1.2.6 Mögulegar gönguleiðir útivistarsvæðis og skólalóðar í tengingu við brú

Sýna skal í útfærslum hugmyndir af því hvernig hlutverk brúar og stíga rímar saman við áherslur svæðisins í skipulagi um tengingar við útivistarsvæði og samgönguleiðir fyrir virka ferðamáta.

### 1.2.7 Göngu og hjólaleiðir að og frá brú

Með tilkomu nýrrar brúar verður komin á tenging sem getur stýtt vegalengdir umtalsvert fyrir ákveðinn hóp gangandi og hjólandi á ákveðnum leiðum og eiga leið um Geirsnef.. Stígar skulu því vera vel tengdir stofn- og tengistíganeti, göngu- og hjólastíga, í nágrenninu að og frá brúnni í báðar áttir. Tryggja þarf að öll tegund virkra ferðamáta um stígakerfið, starfsemi og búseta á svæðinu hafi ekki truflandi áhrif á hvort annað. Þá skal umgjörð og einkenni stíganna taka mið af þeirri uppbyggingu sem á svæðinu verður og þeirri stemningu og þema sem umhverfið á að bjóða upp á.

### 1.2.8 Áningastaðir

Við brúarenda er tækifæri fyrir áningarstaði.

Sérstaklega þarf að gæta að sjónlínunum fyrir aðra vegfarendur sem eru á ferðinni og þeir sem eru að hvílast á áningarstaðnum séu öruggir.

Spennandi væri ef hægt væri að stöðva á brú og dvelja til skemmri tíma. Frá brú er fallett útsýni yfir friðlýsta náttúru og jarðfræðimyndanir ásamt útsýni yfir haf og fjöll. Dvalar- og útsýnissvæði geta einnig nýst til kennslu. Gæta þarf að dvalar- og útsýnissvæði á brú hamli ekki umferð um brúnna né skapi hættu.

### 1.2.9 Gróður og landmótun á jöðrum brúar.

Grænt yfirbragð skal einkenna jaðra brúar og skal gróður taka mið af nærumhverfinu.

Tryggja þarf góðar sjónlínur að og frá brú. Gæta þarf að líffræðilegum fjölbreytileika og þarf gróður að taka mið af öllum árstíðum.

### 1.2.10 Lýsingarhönnun

Brúin þarf að vera örugg og aðgengileg allan sólarhringinn á öllum árstímum auk þess sem mannvirknið mun verða mikið kennileiti í borgarlandinu. Því er lýsing mjög mikilvægur þáttur af hönnun brúarinnar.

Góð hönnun getur verið ígildi góðra merkinga. Markmiðið er fólk setji skilning í það um hverskonar svæði það er að fara um og að hegðun fólks um stofn og tengistíga, (samgöngustíga) sé í takt við umhverfið.

Brú er aðal tenging skólabarna hverfis í skóla og alls samfélagsins í Vogabyggð og Ártúnshöfða. Gott og öruggt flæði þarf að vera á milli torgs og skólasvæðis og/eða almenningssvæðis. Skólinn þarf að opna arm sinn fyrir brúarendanum og vera hluti af skólanum þar sem vegfarendur eru komnir í öruggt og gott umhverfi.

Brúin þarf að vera sjálfsagður hluti af skólanum og þarf brúin að mæta inngangi, hjólastæði eða skólalóð þar sem stutt er í innganga. Brúin þarf bæði að vera fyrir hjólandi og gangandi. Hún þarf að geta boðið upp á áningarstað, leik og fræðslu. Brúin þarf líka að vera skemmtileg og ekki hindrandi fyrir börn að fara um, litaval mætti skoða með það í huga. Brúin þarf að vera örugg fyrir börn á tímum utan skólatíma því börn og unglingar sækja í skólalóðir utan skólatíma.

Stígar sem liggja að brúnni er tvískiptir, annars vegar 3 m hjólastígar og hins vegar 2,5 m göngustígar. Utan brúa er 1,5 m. á milli stíga fyrir gangandi og hjólandi. Nettó breidd brúa á að vera 4 m. og þurfa keppendur að aðlaga stígana að brúarbreiddinni.

Miðað er við að hámarks lengdarhalli að brúm og milli brúa verði 30 ‰.

Áskoranir borgarumhverfis út frá arkitektúr, fagurfræði og hönnun ásamt náttúru, landslagsmótunar og umhverfis við brú.

Ásýnd brúar, heildarútlit byggingar og lóðarinnar verða kennileiti svæðisins. Leiðarljós og heildarstefna svæðisins er náttúra, fræðsla, árstíðir og notkunarmöguleikar. Mikilvægt er að það þema fái að njóta sín á smáum jafnt sem stórum kvarða hönnunarinnar. Hönnun brúarinnar þarf að hafa í huga ásýnd brúarinnar allt árið um kring. Æskilegt er að hún og nærumhverfi hafi grænt/gróður yfirbragð sem styrkir hönnun, heildar útlit og ásýnd svæðisins.

#### **1.2.11 Fagurfræði og hönnun í samtali við notagildi**

Einn lykilþáttur hönnun brúarinnar er fagurfræði. Sérstaklega er óskað eftir því að haft sé í huga að skapa góða umlukningu og með mannlegan skala í öndvegi. Öruggt og gott aðgengi brúar þarf að kallast á við góða hönnun hennar. Brúin þarf að skapa góða umlukningu og vinna með hinum mannlegum skala. Börn þurfa sérstaklega að finna fyrir öryggi þegar gengið eða hjólað er yfir brúna.

#### **1.2.12 Lýsing (Fyrir aðkomu að brú og á brú) – vindbrjótur**

Brúin þarf að vera örugg og aðgengileg allan tíma sólarhringsins því er lýsing mjög mikilvægur partur af hönnun brúarinnar. Mjúk og jöfn lýsing þarf að lýsa upp gólfllöt brúar. Mikilvæg er að hönnun taki mið af náttúrulegu umhverfi brúarinnar, vindáttum á svæðinu og að hannaðir verði vindbrjótur á og við brúna.

#### **1.2.13 Tenging brúar**

Við aðkomu á brú frá Vörputorgi væri æskilegt að hún tengist niður að “hangandi” stíg sem myndi liggja meðfram og slúta yfir Háubökkum og hægt væri að fræðast um jarðfræði á þeirri leið. Háubakkar eru friðaðir vegna einstakra jarðlaga þar sem jarðsaga Íslands er sýnileg

berum augum, þar eru einnig steingervingar sem áhugavert er að sjá. Stígurinn hefði því mikið fræðslugildi. Af þessum stíg meðfram bökkunum væri einnig hægt að komast nær vatninu.

Mögulegar gönguleiðir útivistarsvæðis og skólalóðar í tengingu við brú.

Gönguleiðir þurfa að vera áhugaverðar og skemmtilegar með litlum dvalarsvæðum á leiðinni þar sem hægt er að staldra við á skjólríkum blettum. Þá væri æskilegt að á völdum dvalarsvæðum sé aðstaða eða útskot til útikennslu þar sem bæði skólabörn og aðrir gestir geti fræðst um náttúruna og lífríki Elliðaársvogs.

---

---

DRÖG

## 6 Gæði byggðar



Hafa skal umhverfissjónarmið að leiðarljósi við hönnun og framkvæmd mannvirkja, grænna svæða, stíga- og gatnagerð. Notað skal byggingarefni með sem minnstan ágang á auðlindir og lágmarks neikvæð áhrif á umhverfi og lýðheilsu. Þetta á við um allan feril efnisins, framleiðslu, notkun og endanlega förgun. Æskilegt er að valin séu endurvinnanleg eða endurunnin byggingarefni sem fengið hafa viðurkennda umhverfissvottun og eru viðhaldsvæn og auðveld í þrifum. Byggingarefni sem geta valdið útskolun skaðlegra efna, t.d. þungmálma, eru óheimil.

Við útlitshönnun bygginga skal taka mið af kröfum um hljóðvist, blágrænum ofanvatnslausnum, líffræðilegri fjölbreytni ásamt því að velja vistvæn byggingarefni og huga að orkunýtni og dagsbirtu innanhúss. Mælst er til þess að þök verði þakin gróðri og skal ásýnd þeirra taka mið af því af því að þau eru sýnileg frá aðliggjandi byggð.

Deiliskipulagssvæði Vogabyggðar eru:

1. Vogabyggð – svæði 1- Íbúðarbyggð – Deiliskipulag í vinnslu.
2. **Vogabyggð – svæði 2 – Íbúðarbyggð og miðsvæði - Deiliskipulagstillaga.**
3. Vogabyggð – svæði 3 – Íbúðarbyggð og miðsvæði - Deiliskipulag í vinnslu.
4. Vogabyggð – svæði 4 - Miðsvæði.
5. Vogabyggð – svæði 5 – Skóli, hverfisgarður, smábátahöfn.

